



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. júní 2007 — 156. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Kvikmyndar söngelska karlmenn



Þorsteinn J. er að leggja lokahönd á nýja kvikmynd sem fjallar um söngelsk gamalmenni í Dublin.

FÓLK 34

Gistu á glæsilegu skemmtiferðaskipi

Íslensku keppendurnir á Smáþjóðaleikumnum gistu á einu glæsilegasta skemmtiferðaskipi heims.

FÓLK 34

Stærsti orkugjafinn

„Tveir milljarðar manna búa utan við raforkunet heimsins. Innan við 1% af orkuvinnslu mannkyns kemur frá sól eða vindi,” segir Stefán Jón Hafstein.

Í DAG 16


Góður árangur



Birgir Leifur spilaði vel á lokahringnum í Austurríki og vann sér inn rúmar 1,2 milljónir króna í verðlaunafé.

ÍPRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG




BJART SUBVESTANLANDS Í dag má búast við súldarlofti með ströndum norðan- og austantil. Hitinn er lægri á þeim slóðum, en hækkar talsvert á Suðurlandinu. Búast má við allt að tuttugu stiga hita inn til landsins sunnan- og suðvestanlands.

VEÐUR 4

Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Fermetraverðið er 500 þúsund krónur

Þjónustubúðir fyrir aldraða á Markarreit kosta upp undir 500 þúsund krónur á fermetrann. Borgarstjóri segir slíkar framkvæmdir ekki eiga að skila arði.

HÚSNÆÐISMÁL Þjónustubúðir fyrir aldraða á Markarreit við Suðurlandsveg kosta allt að 500 þúsund krónur á fermetrann. Dýrasta íbúðin er 139 fermetrar að stærð og kostar tæplega 68 milljónir. Samþæringar íbúðir kosta annars staðar um og yfir tuttugu milljónir króna.

Haraldur Lindal Haraldsson, framkvæmdastjóri Nýsis þróunarfélags sem á sjálfseignarfélagið Mörkina, segir að Mörkin hafi tekið yfir byggingaréttinn á Markarreit í fyrra og greitt borginni 300 milljónir króna aukalega fyrir hann. Þá hafi upphaflega verið farið af stað með dýra byggingu.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hefur sagt að slíkar framkvæmdir eigi ekki að skila arði. Haraldur segir framkvæmdina ekki skila afgangi því að ýmislegt hafi farið úrskeiðis. „Við þurfum meðal annars að borga aukalega fyrir byggingaréttinn,” segir hann. „Mikið er lagt í bygginguna og margt öðruvísi en við hefðum kosid. Ýmis vandamál þýða aukinn kostnað,” segir hann og nefnir sem dæmi að kostnaður vegnahjúkrunarheimilisins hafi fallið á þetta verkefni. Samkomulag sé um að heilbrigðisráðuneytið borgi 65 milljónir króna vegna þess. „Það hefur síðan neitað að greiða.“

Haraldur bendir á að 300 milljónir nemi 10 prósentum af verði íbúðanna; 6,8 milljónum af íbúð sem kostar 68 milljónir. Hann telur að Mörkin sitji ekki við sama borð og aðrir þar sem hún þurfi að greiða svo mikið fyrir byggingaréttinn. „Þetta er auðvitað hátt verð og hlýtur að liggja í lóðaverðinu,” segir Jórunn Frimannsdóttir borgarfulltrúi. „Borgaryfirvöld reyna að gæta þess að stofnanir og einkafyrirtæki fái ekki úthlutað lóðum og geti grætt á því.“ „Þetta er skelfilega hátt verð og alls ekki fýsilegt,” segir Helgi Hjálmsón, formaður Landssambands eldri borgara. - ghs/avi/sjá síðu 8



DÝRGRIPUR Sverðið var lýst þjóðargersemi Frakka árið 1978. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppboð í Frakklandi: Sverð Napóleons á 400 milljónir

FRAKKLAND, AP Gullskreytt sverð Napóleons Bónaparte, sem hann notaði í herför á Norður-Ítalíu árið 1800, var í gær selt á uppboði í Frakklandi fyrir 4,8 milljónir evra, sem samsvarar 408 milljónum króna.

Sverðið kvað vera það síðasta sem Napóleon átti og er enn í höndum einkaaðila. Nafn kaupandans var ekki gefið upp. Seljendur sverðsins voru nokkrir afkomendur Napóleons.

Sverðið var lýst þjóðargersemi Frakka árið 1978, en samkvæmt lögum þar að lútandi er heimilt að selja gripinn erlendum kaupanda, að því gefnu að hann sé minnst fimm mánuði á ári í Frakklandi.

- aa

Umfangsmikil leit á Faxaflóa: Leituðu tveggja kajakræðara

BJÖRGUN Landhelgisgæsla og björgunarsveitir leituðu í gærkvöld að tveimur erlendum kajakræðurum; karli og konu. Þau lögðu af stað frá Garðskaga á laugardagsmorgun, ætluðu að þvera Faxaflóann og koma í land á Snæfellsnesi. Það hefur aldrei verið gert áður.

Landhelgisgæslan hafði um miðjan dag í gær samband við báta á Faxaflóa og bað þá um að svipast um eftir fólkinu. Þegar það bar ekki árangur hófst umfangsmikil leit. Á annað hundrað björgunarsveitarmenn leituðu frá Garðskaga að Snæfellsnesi á láði og legi. Þyrla Landhelgisgæslunnar tók þátt í leitinni. Aðstæður á Faxaflóa voru góðar.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld var fólkið ófundið. - þeb



Á RAUÐU LJÓSI Veður voru mild og góð í höfuðborginni í gær og engin ástæða fyrir gangandi vegfarendur til að stelast yfir á rauðu ljósi. Myndin er tekin í Lækjargötu fyrir utan brunarústinar, en bókaútdið hafa gert sér lítið fyrir og „endurreist“ þar gömlu húsin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lítil þátttaka var í kosningum til franska þjóðþingsins í gær en úrslitin ótvíræð:

Öruggur sigur hægrimanna

PARÍS, AP Kjósendur í Frakklandi virtust ætla að veita Nicolas Sarkozy forseta ótvírætt umboð til að hrinda í framkvæmd efnahagsumbótaáformum sínum, með því að veita hinum hófsama hægriflokki hans, UMP, stórt forskot á keppinutana til vinstri í kosningum til þjóðþingsins í gær.

Þegar flest atkvæði höfðu verið talin var UMP-flokkur Sarkozy

með 40 prósent atkvæða en Sósíalístaflakurinn aðeins 25 prósent. Jaðarflokkar til vinstri og hægrir töpuðu fylgi.

Kjörsókn var minni en nokkru sinni áður í þingkosningum í landinu; á bilinu 60-61 prósent. Var það helst rakið til skorts á spennu vegna þess að kjósendur áttu almennt von á að hægriflokkarnir ynnu örugglega, frá því Sarkozy

vann sósíalístaflakinn Segolène Royal í úrslitaumferð forsetakosninganna fyrir mánuði. Meginspurningin var sú hversu stórt tap vinstriflokkaanna yrði.

Hægrimenn eru nú í kjörstöðu fyrir síðari umferð þingkosninganna næsta sunnudag og munu að öllum líkindum geta aukið enn á hreinan meirihluta sinn í þinginu, þar sem 577 fulltrúar eiga sæti. - aa

TILBOÐSDAGAR TIL 15. júní

MORA CERA

Fullt verð: 13.369 kr.

Tilboðsverð: 8.950 kr.

Wii LEIKJATÖLVA

7 milljón eintök seld

Nintendo

FER SIGURFÖR UM HEIMINN

ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

TENGI

Smíðjuvegi 76 Baldursnesi 6 Kópavogi Akureyri Sími 414 1000 Sími 414 1050 tengi.is



Sigurður, heitir þetta ekki að berjast til sigurs?

„Jú, þeir börðust en við höfðum sigurinn!“

Landsliði Íslendinga í körfuknattleik var dæmdur sigur eftir að leikmenn frá Kýpur misstu stjórn á sér á Smáþjóðaleikunum í Mónakó. Leikurinn leystist upp í slagsmál og var blásinn af. Sigurður Ingimundarson er þjálfari landsliðsins.

Skip Sea Shepherd á leiðinni:

Á Íslandsmið-um seint í júlí

NÁTTÚRA Farley Mowat, skip náttúruverndarsamtakanna Sea Shepherd, er væntanlegt á Íslandsmið síðla í júlí, segir Paul



PAUL WATSON

Watson, forseti og stofnandi Sea Shepherd.

Skipið hefur verið á siglingu frá Ástralíu síðan um miðjan maí, en þegar það lagði úr höfn sagði Watson það væntanlegt til Íslands um miðjan júní. Markmiðið

með komu skipsins hingað til lands er að stöðva hvalveiðar Íslendinga.

„Ég mun fara um borð í lok júní, og við reiknum með að vera komin á íslenskt hafsvæði síðla í júlí ef ekkert óvænt kemur upp á,“ segir Watson.

Lögregla veitti manni eftirför:

Var í annarlegu ástandi og á ofsahraða

LÖGREGLUMÁL Ungur maður er í haldi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir að hún hafði veitt honum eftirför frá Mosfellsbæ inn í Hvalfjarðarbotn á ofsahraða.

Lögreglan ætlaði að stöðva manninn fyrir of hraðan akstur en í stað þess að nema staðar jók maðurinn hraðann. Þurfti lögreglan að lokum að aka utan í bíl mannsins til þess að stöðva hann.

Mildi þykir að engin slys hafi orðið á fólki þar sem maðurinn ók á upp undir 200 kílómetra hraða þegar hann fór hraðast.

Maðurinn var í annarlegu ástandi og er talið að hann hafi verið undir áhrifum lyfja.

Bandaríkjaforseti heimsækir sex Evrópulönd á átta dögum og lýkur ferðinni í Suðaustur-Evrópu:

George W. Bush tekið sem hetju í Albaníu

ALBANÍA, AP George W. Bush var fagnað sem hetju í fyrstu heimsókn Bandaríkjaforseta til Albaníu í gær. Í Tirana sagði hann að það gengi ekki að ræða út í það óendanlega um sjálfstæði Kosovo-héraðs, sem enn tilheyrir formlega Serbíu en hinn albanski meirihluti íbúanna vill að fái sjálfstæði sem fyrst.

„Á einhverjum tímamarki – frekar fyrr en síðar – verður að segja: „Hingað og ekki lengra. Kosovo er sjálfstætt“ og það er sú afstaða sem við höfum tekið,“ sagði Bush á blaðamannafundi með albanska forsætisráðherranum Sali Berisha.

Kall Bush eftir sjálfstæði Kosovo var beint að ráðamönnum í Rússlandi og öðrum löndum sem eru andsnúin áformum um aðskilnað Kosovo frá Serbíu.

Um viðleitni Albaníustjórnar til að fá

inngöngu í Atlantshafsbandalagið sagði Bush að frekari pólitískar og hernaðarlegar umbætur væru nauðsynlegar áður en hún gæti komið til greina. Leiðtogar Albaníu sögðust hafa skilning á því.

„Við erum ákveðnir í að taka hverja þá ákvörðun, setja hver þau lög, grípa til hverra þeirra umbóta sem myndu gera Albaníu tæka í bandalagið,“ sagði Berisha.

Bush sat einnig hádegisverðarfund með forsætisráðherranum Albaníu, Makedóníu og Króatíu, en Króatar vonast til að fá inngöngu í NATO á næsta ári.

Að lokinni Albaníuheimsókninni flaug Bush til Sofíu, höfuðborgar Búlgaríu, sem er síðasti viðkomustaður hans í Evrópu eftir G-8-fundinn í Þýskalandi, en í ferðinni heimsótti hann sex lönd á átta dögum.



BUSH FAGNAÐ Tiranabúar troðast til að heilsa Bandaríkjaforseta í gær.

Sakar lýtalækna um trassaskap í starfi

Konur sem fengu sílikonpúða frá Dow Corporation fyrir árið 1992 gætu átt rétt á skaðabótum, því púðarnir voru lélegir. Íslenskir lýtalækna eru sagðir hafa trassað skjalavörslu og verið ósamvinnuþýðir við konurnar. Sumar eru öryrkjar.

LÝTALÆKNINGAR „Læknarnir hafa sýnt mikinn trassaskap og hent þessum miðum. Án miðanna gerist ekki neitt, því þeir eru sönnunargagnnið,“ segir Sigrún Sigrúardóttir, forsvarsmaður Vonar. Von er hópur kvenna sem eiga um sárt að binda eftir að hafa fengið lélegar sílikonfyllingar í barm sinn.

Hún segir þá íslensku lýtalækna sem framkvæmdu sílikonaðgerðir á konum á árum áður hafa átt að taka límmiða sem fylgdu sílikonpúðunum og setja þá inn í lækna-skýrslur kvennanna. Þetta hafi margir þeirra trassað. Miðarnir séu nauðsynlegir til að sanna uppruna púðanna og þar með sekt fyrirtækis sem seldi gallaðar fyllingar.

„Þeir virtust ekki taka okkur alvarlega í upphafi og gerðu lítið úr þessu. Sögðu okkur að við fengjum aldrei greitt og ættum ekkert að sækja,“ segir Sigrún. Hún hafi sjálf gengið í gegnum þetta á sínum tíma og margreynt að finna þessar upplýsingar í kerfinu.

„Síðan endaði það með því að ég fór til skrifstofustjóra Ríkisspítalanna og þá fékk ég númerin, þannig að einhverj staðar voru þau til.“ Sigrún segist vona að lýtalækarnir verði samvinnuþýðari í framtíðinni. „Þetta er mjög viðkvæmt fyrir margar konur. Sumar þeirra eru öryrkjar og það er talið mega rekja til sílikonsins.“

Fyrirtækið sem framleiddi púðana hét Dow Corporation. Það hætti rekstri árið 1995 eftir málaræktur bandarískra kvenna og var stofnaður sjóður til að greiða



SIGRÚN SIGRÚARDÓTTIR, FORSVARSMÁÐUR VONAR Segir læknana hafa trassað að ganga frá upplýsingum. Það geri konum erfiðara fyrir að sækja rétt sinn.

konum bætur. Í sjóðnum eru nú 400 milljónir dollara. Konur eiga rétt á misháum upphæðum. Ein milljón króna fæst ef sýnt er fram á að púðinn hafi rifnað. Mun meira fæst þó ef hægt er að sýna fram á að viðkomandi hafi orðið fyrir skaða af sílikonpúða frá Dow Corporation.

Sigrún er bjartsýn á að íslenskar konur hafi sigur í málinu. Allt



af 65 konur hafa lagt fram kröfu í sjóðinn og verður lögfræðingur á vegum sjóðsins með fund í Reykjavík á morgun.

Ekkí náðist í landlækni vegna fréttarinnar. klemens@frettabladid.is

Nauðgunartilraun í miðbæ:

Maðurinn enn ófundinn

LÖGREGLUMÁL Maður sem grunaður er um að hafa reynt að nauðga konu í Traðarkotssundi á laugar-dagsmorgun er enn ófundinn.

Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi kom fram að vitni hefðu verið að árásinni en þau ekki séu ástæðu til að koma konunni til hjálpar.

Maðurinn er sagður um þritugt, á bilinu 185-190 sentimetrar á hæð, með stutt, mjög dökkt eða svart hár og svarta skeggbrodda eða skegg. Hann er grannur og var klæddur í rauða eða vínráða peysu eða jakka og svartar buxur. Þeir sem hafa upplýsingar um hann eru beðnir að láta lögreglu vita í síma 444-1100.

Fornleifauppgötvun í Chile:

Styður kenningu Heyerdahls

RANNSÓKNIR Kjúklingar sem mannaæða bárust til Ameríku frá Pólýnesíu í Kyrrahafi, en ekki frá

Evrópu. Þessi uppgötvun, sem byggist á fundi kjúklingabeina í fornleifauppgreftir í Chile, rennir stoðum undir kenningu norska

ævintýramannsins Thors Heyerdahl um að siglingar hafi tíðkast yfir Kyrrahafið til forna.

Rannsóknir hafa sýnt að kjúklingabein sem fundust í uppgreftir við strönd Chile séu af kjúklingum sem lifðu á árabílinu 1304-1424. Rannsókn á erfðaeftirminni í beinunum sýndi auk þess fram á að kjúklingarnir komu upprunalega frá Pólýnesíu. Þetta kemur fram á fréttavef norska blaðsins Aftenposten.



THOR HEYERDAL

BÍLL DAGSINS

NISSAN ALMERA ACENTA

Nýskr. 12.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 17 þús. km.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Fimm tinda hópurinn átti að koma til byggða í nótt eftir göngu á Heklu:

Svefnlausir og alveg úrvinda

FJALLGANGA Gangan á tinda í fimm landshlutum til styrktar Sjónarhóli hafði gengið vel en ekki þrautalaust þegar Fréttablaðið hafði samband við gönguhópinn í gærkvöldi. Gangan á Snæfelli gerði að verkum að hópurinn var fjórum tímum á eftir áætlun.

„Bíllinn okkar festist og komst ekki alla leið upp að Snæfellskála þannig að við urðum að labba að fjallinu og komum að því úr rangri átt. Við fórum upp á það á röngum stað og gengum upp 1.500 metra. Þar komum við að hamravegg og vorum þá gjörsamlega úrvinda. Það munaði engu að við legðum upp laupana en létum okkur hafa það að ganga alla leið niður að fjallsrótum til að komast framhjá skriðjökli. Svo aftur upp á fjallið til að klára þetta,“ segir Leifur Dam Leifsson, einn leiðangursmanna.

TINDARNIR FIMM

Vesturland	Heiðarhorn	1.053 m
Vestfirðir	Kaldbakur	998 m
Norðurland	Kerling	1.538 m
Austurland	Snæfell	1.833 m
Suðurland	Hekla	1.491 m

Von var á hópnunum til byggða í nótt eftir göngu á síðasta fjallið, Heklu. Leifur sagði að allir væru stjarfir af þreytu, mjög ringlaðir og tímaskynnið ruglað.

„Gangan á Snæfelli átti að vera fjórir tímar en varð átta og hálfur tími. Við vissum að Kerling yrði erfið en okkur óraði ekki fyrir erfiðleikum sem við lentum í á Snæfelli. Snæfell er nefnilega mjög auðvelt fjall en það var djúpur snjór. Þetta var eins hræðilegt og hægt var að hugsa sér.“



AÐ KERLINGU LOKINNI Fimm tinda hópurinn í gær morgun að lokinni göngu á Kerlingu. Kerling var talin erfið en engan óraði fyrir því hvernig Snæfell yrði.

Stóla
Sakkjarar
Alþjóðaleika
Ungmanna

Síminn



KAUPPING

VIÐ STYÐJUM SIGURVILJA

KAUPPING OG SÍMINN STYÐJA
ALÞJÓÐALEIKA UNGMENNA
Í REYKJAVÍK 20-25 JÚNÍ 2007

ALÞJÓÐALEIKAR UNGMENNA

Alþjóðaleikar ungmanna eru fjölmennastí alþjóðlegi íþróttaviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi og um tólf hundruð keppendur eru væntanlegir til landsins. Þátttakendur eru á aldrinum 12-15 ára frá 60 borgum. Keppi verður í frjálsum íþróttum, sundi, knattspyrnu, handbolta, júdó, badminton og gólf. Láttu sjá þig í Laugardalnum og upplifðu ólympiustemningu.

Alþjóðaleikar ungmanna
Reykjavík 2007

GENGIÐ 08.06.2007

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	62,58	62,88
Sterlingspund	124,43	125,03
Evra	84,29	84,77
Dönsk króna	11,316	11,382
Norsk króna	10,438	10,500
Sænsk króna	9,045	9,097
Japanskt jen	0,5154	0,5184

SDR	94,8	95,36
-----	------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,604

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bílvelta við Galtalæk:

Erlendir ferðamenn veltu bíl

SLYS Kona slasaðist alvarlega í umferðarslysi sem varð á Landsvegi við Galtalæk um kvöldmatarleytið á laugardag.

Konan var farþegi í jeppa sem valt en ekki er vitað hvernig slysið bar að. Maður sem einnig var í jeppanum slapp með minniháttar meiðsl. Þau eru bæði erlendir ferðamenn.

Fólkið var flutt með sjúkrabíl til Reykjavíkur og liggur konan nú á gjörgæsludeild Landspítalans.



VIÐ AFHENDINGU VERÐLAUNANNA Júlíus Vífill Ingvarsson veitir Vikurskóla verðlaun fyrir verkefnið Námskeið í lestri.

Menntaráð Reykjavíkurborgar:

Hvatningarverðlaun afhent

MENNTUN Hvatningarverðlaun og nemendaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar voru afhent í fimmta sinn við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær.

Hvatningarverðlaun menntaráðs hlutu Grandaskóli fyrir verkefnið Tónlistaruppeldi, Vikurskóli fyrir verkefnið Námsmarkmið í lestri og Óskjuhlíðarskóli fyrir verkefnið Tumi og fjársjóðurinn. Viðurkenningar menntaráðs hlutu Húsaskóli fyrir verkefnið Lifandi bókasafn, Laugarnesskóli fyrir verkefnið Katlagil og Foldaskóli fyrir verkefnið Flott án fiknar. Alls fengu þrjátíu grunnskólá nemendur í Reykjavík afhent nemendaverðlaun menntaráðs. - pal

Stjórnarandstaðan vann mikið á í þingkosningum í Belgíu í gær:

Ríkisstjórn Verhofstadts fallin

BELGÍA, AP Ríkisstjórnarflokkar frjálslyndra og sósíalista biðu afhróð í kosningum til belgísku sambandsþingsins í gær, samkvæmt fyrstu tölum eftir að kjörstöðum var lokað.

Kristilegir demókratar, burðarflokkur stjórnarandstaðunnar síðastliðin átta ár, unnu mikinn kosningasigur og formaður flæmska hluta flokksins, Yves Leterme, tjáði flokksmönnum sínum í gærkvöld: „Það er kominn tími til breytinga. Þjóðin vill nýja stefnu.“ Leterme er líklegastur til að verða forsætisráðherra í ríkisstjórn sem kristilegir færu fyrir.

Þegar hátt í helmingur atkvæða hafði verið talinn voru kristilegir með 32,2 prósent atkvæða í flæmsku-mælandi hluta Belgíu, sex og hálfu prósentustigi meira en í síðustu kosningum, en Frjálslyndir, flokkur Guy Verhofstadts forsætisráðherra, aðeins 18,7 prósent, sex prósentum minna en síðast. Sósíalistar tapa einnig stórt í báðum landshlutum.



YVES LETERME Leiðtogi kristilegra demókrata í flæmska hluta Belgíu fagnar í Brussel í gærkvöld.

Hinn útlendingafjandsamlegi Vlaams Blok fékk samkvæmt sömu tölum 19,1 prósent atkvæða og er þar með annar stærsti flokkurinn í flæmska hluta Belgíu, þar sem sex milljónir af alls 10,5 milljónum Belga búa.

Danskir skipverjar enn í haldi:

Yfirvöld segja að þeim líði vel

SÓMALÍA Danskir skipverjar, sem var rænt undan ströndum Sómalíu fyrir viku, eru enn í haldi mannræningja. Dönsk yfirvöld segja að ekki sé vitað annað en að þeim líði vel. Þau gáfu hvorki nánari skýringar á líðan þeirra né hvort lausnargjalds hefði verið krafist.

Skipið Danica White var á leið frá Dubai til Kenía þegar því var rænt á alþjóðlegu hafsvæði ásamt danski fimm manna áhöfn þess.

Bandarískt orrustuskip skaut nokkrum viðvörðunarskotum yfir skipið eftir að því hafði verið rænt. Orrustuskipið hætti eftirferðum þegar Danica White sigldi inn í sómalíska landhelgi. - pal

Leggur áherslu á að flokkurinn sé á miðju

Valgerður Sverrisdóttir var kjörin varaformaður rússneskri kosningu á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins í gær. Hún er fyrst kvenna til að gegna þessu embætti. Jón Sigurðsson tekur ábyrgð á ósigrinum og Guðni vill „hjartalag á vinstri væng“.

STJÓRN MÁL „Við erum flokkurinn á miðjunni og viljum vera það áfram. Það er ástókn inn á miðjuna en við teljum að aðrir flokkar eigi ekki erindi þangað“, segir Valgerður Sverrisdóttir, en hún var í gær kjörin varaformaður Framsóknarflokksins á miðstjórnarfundum á Grand Hótel.

Valgerður segir flokkinn ætla að stunda „ábyrga stjórnarandstöðu“ og velja sín baráttumál vandlega. Hún óskar nýrri ríkisstjórn alls hins besta en sýnist stjórnin ekki hafa farið allt of vel af stað.

Varaformaðurinn segist hafa fundið fyrir miklum stuðningi á fundinum og þar hafi komið fram mikil samstaða og baráttuvilji. „Nú horfum við beint áfram“, segir hún.

Valgerður fyllir nú það skarð sem Guðni Ágústsson skildi eftir 23. maí þegar hann tók við formennskunni af Jóni Sigurðssyni.

Fráfarandi formaður, Jón Sigurðsson, leit í ræðu yfir síðustu mánuði og hrakfarir flokksins í kosningum. „Ábyrgð mín sem þáverandi formanns á þessum öföllum er mikil“, sagði hann. Fráfarandi formaður skilgreindi flokkinn sem miðjuflokk „í andstöðu gegn sambræðingi hægri-manna og jafnaðarmanna“. Aðrir sæju um vinstri vænginn.

Um leið lýsti hann nýrri ríkisstjórn sem hægrisinnadri og sagði efst á baugi í velferðarmálum að „losa um sameiginleg samhjalparkerfi þjóðarinnar“. Jón kvað og fylgistað flokksins eiga sér langan aðdraganda. Fram undan væri



VARAFORMAÐUR Í RÆÐUSTÓL Valgerður Sverrisdóttir var kjörin varaformaður Framsóknarflokksins. Hún sagði í ræðu sinni að flokkurinn myndi stunda ábyrga stjórnarandstöðu og velja baráttumálin vandlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FORINGJAR HEILSAST Guðni Ágústsson og Steingrímur Hermannsson spá í spilin á miðstjórnarfundum.

hins vegar „sóknar- og sigurganga“ því þjóðin þyrfti á flokknum að halda.

Guðni Ágústsson, formaður flokksins, var einnig bjartsýnn í sínu ávarpi. Hvatti hann félagana sína til að kveðja „sundurlyndisfjandann sem leikur alla grátt“ og horfa fram á veginn. Tryggja þyrfti að skellur síðustu kosninga endurtæki sig ekki. Framsókn gæti byggt upp fylgi á höfuðborgarsvæðinu,

það hefði Sigurður heitinn Geirdal sannað í Kópavogi. Formaðurinn reifaði erfið mál síðustu stjórnar en rakti ósigurinn einnig til þess að innri samstaða flokksmanna hefði brostið. Hann sagði flokkinn eiga að vera til miðju „með hjartalag yfir á vinstri væng“.

Guðni lét ekkert uppi um hvort hann byði sig fram til áframhaldandi formennsku á næsta flokksþingi.

klemens@frettabladid.is



FRÁ VETTvangi Lögreglumenn bera lík út úr húsínu í Delavan í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harmleikur í Wisconsin:

Sex manns finnast skotin

BANDARÍKIN, AP Sex manns fundust látin af skotsárum í íbúðarhúsi í Delavan í Wisconsin, um 60 km suðvestur af Milwaukee, að því er lögregla greindi frá í gær. Auk þess fannst tveggja ára stúlkubarn með skotsár á brjósti í bíl skammt frá húsínu. Stúlkun er nú þungt haldin á sjúkrahúsi.

Lík fólksins fundust er lögregla rannsakaði tilkynningu frá nágrönnum um að skothvellir hefðu heyrst í húsínu á laugar-dagskvöld.

„Þetta er harmleikur. Þetta versnar stöðugt“, sagði íbúi úr nágrenninu sem stóð og baðst fyrir á vettvangi. - aa

LÖGREGLUFRETTIR

Bruni á Selfossi

Kveikt var í skúr í ónotuðu húsnæði á Selfossi í gærkvöldi. Í fyrstu var talið að kviknað hefði í húsum sem verið er að rífa en þegar lögregla kom á vettvang kom í ljós að um smábruna í skúr var að ræða.

17 ára tekinn í annað sinn

Ungur ökumaður var stöðvaður á 149 kílómetra hraða í Fagradal á laugardag. Hann var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða en þetta er í annað skipti sem hann er tekinn fyrir að keyra of hratt.

MEIRA Á MILLI!

NÝJAR OG BETRI JÚMBÓ HYRNUR Í NÆSTU VERSLUN

VEÐURSPÁ

um hádegi

um hádegi

Kaupmannahöfn	25°C léttskýjað	London	24°C hálfskýjað	Eindhoven	28°C heiðskýrt
Billund	25°C hálfskýjað	Paris	27°C skýjað	Basel	24°C skúr
Oslo	28°C léttskýjað	Frankfurt	28°C skúr	Alicante	28°C skýjað
Stokkhólmur	26°C léttskýjað	Friedrichshafen	24°C skúr	Róm	24°C léttskýjað
Gautaborg	25°C heiðskýrt	Berlín	31°C léttskýjað	Las Palmas	21°C léttskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Og1 fyrir tilvonandi fjölskyldur

Heimasími, GSM, og Internet – allt á einum stað

Það er mikilvægt að geta gengið að ákveðnum hlutum vísam þegar eitthvað óvænt kemur upp á. Vertu með Heimasíma, GSM og Internet fjölskyldunnar í Og1 – og sparaðu bæði tíma og peninga.

Farðu á www.vodafone.is, komdu við í verslun okkar eða hringdu í 1414 og skráðu þína fjölskyldu í Og1.



Gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone

KJÖRKASSINN



Fylgist þú með hrakförum Parísar Hilton?

Já	44,6%
Nei	55,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti N1 að birta eldsneytisverð á heimasíðu sinni?

Segðu þína skoðun á visir.is

Háskólinn á Akureyri:

Langstærsta útskrift skólans

MENNTUN Háskólinn á Akureyri brautskráði 372 nemendur á laugardag og er það langstærsta útskrift í sögu skólans. Af þessum hópi hafa 120 stundað fjárnám fyrir milligöngu háskólamiðstöðva og símenntunarsetra á fjórtán stöðum á landinu.

Flestir útskrifuðust frá kennaradeild, 150 talsins. 93 útskrifuðust frá viðskipta- og raunvísinda-deild, 68 frá heilbrigðisdeild og 61 frá lagadeild. Konur eru yfirgnæfandi meirihluti brautskráðra, 299 talsins, en brautskráðir karlmenn voru 73. - pal

Verkalýðsfélag Akraness:

Hefur kært Formaco

VINNUMARKAÐUR Fulltrúar lögreglu og Vinnumálastofnunar hafa átt fundi að undanförunum vegna kæru á hendur verktakafyrirtækinu Formaco sem Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags



VILHJÁLmur BIRGISSON

Akraness, VLFA, hefur lagt fram. Vilhjálmur telur að ekki sé farið að reglum við ráðningu erlendra starfsmanna hjá fyrirtækinu. „Ég hef bent á atriði þar sem ég tel að ekki sé farið að lögum. Skráningu manna er til dæmis verulega ábótavant,“ segir Vilhjálmur. Hann segir starfsmennina ekki með íslenska kennitölu né dvalarleyfi þrátt fyrir að hafa starfað hér á landi í hálf annað ár.

Þetta er algjörlega andstætt lögum og skekkir alla samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fyrirtækjum,“ segir Vilhjálmur Birgisson.

Frumbyggjar á eyju í Vanúatú í Suður-Kyrrahafi:

Dýrka Filippus prins sem guð

VANÚATÚ Filippus prins, eiginmaður Elísabetar Englandsdrottningar, er dýrkaður sem guð af frumbyggjaættflokki á eyju í Vanúatú-eyjaklasanum í Suður-Kyrrahafi.

Að því er greint er frá á fréttavef breska útvarpsins, BBC, hófst þessi dýrkun á Filippusi upp úr árinu 1960, en á þeim tíma var Vanúatú enn bresk-frönsk nýlend og bar nafnið New Hebrides (Nýju Suðureyjjar). Í aldaráðir höfðu íbúar á eyinni Tanna trú að guðsögn um að sonur fjallsanda myndi einn góðan veðurdag berast yfir hafið í leit að öflugri konu til að kvænast. Samkvæmt guð-

sögninni yrði þessi guðumlíka vera ljós á hörun, ólíkt heima-mönnum.

Einhvern veginn fór svo að þessi guðsögn var heimfærð upp á Filippus prins – sem vissulega hafði kvænast ríkri og völdugri konu. Þessi trú hlaut byr undir báða vængi þegar drottningin og Filippus prins komu í opinbera heimsókn til eyjaklasans árið 1974.

„Hann er guð, ekki maður,“ hefur fréttaritari BBC eftir Jack Naiva, þorpshöfðingja á Tanna. 86 ára afmæli prinsins var fagnað með mikilli veislu í þorpinu á sunnudag. - aa



FILIPPUS PRINS Er dýrkaður sem guð af frumbyggjum á eyju í Suður-Kyrrahafi. Engum sögum fer af dýrkun á Elísabetu II Bretadrottningu. - aa

Rannsókn í Svíþjóð:

Smitaði táningsstúlkur af HIV

SVÍÞJÓÐ Rúmlega þrítugur maður hefur verið handtekinn í Svíþjóð grunaður um að hafa smitað tvær stúlkur af HIV. „Við teljum að hann hafi verið í sambandi við alls um 130 stúlkur og ungar konur sem hann hitti á netinu,“ segir Diana Sundin hjá lögreglu í Stokkhólmi á vefútgáfu Aftonbladet.

Maðurinn notaði nafnið „Hot Boy“ og eiga brotin að hafa átt sér stað 2003-2006, meðal annars í hverfinu Hässeby og Nynäs í Stokkhólmi. Maðurinn, sem er breskur ríkisborgari, hefur verið HIV-jákvæður í fimmtán ár. Hann er grunaður um gróft ofbeldi og HIV-smitburð. - ghs

Unnu án hlífðarfata í hættulegu asbestryki

SR-verktakar stefndu heilsu erlendra starfsmanna sinna í hættu með því að láta þá rífa asbest án hlífðarfatnaðar. Strangar reglur eru um niðurrif á asbesti vegna þess hve hættulegt efnið er. Heilbrigðiseftirlit áminnti fyrirtækið. Bull, segir eigandi.

HEILBRIGÐISMÁL SR-verktakar létu erlenda verkamenn rífa hús með asbestklæðningu án þess að vera með grímur eða hlífðarfatnað. Asbestmengun getur valdið krabbameini og alvarlegum öndunarsjúkdómum áratugum eftir að lungun komast í tæri við asbestryki.

Hinn 5. desember 2006 barst Heilbrigðiseftirlitinu kvörtun um að tíu manns væru að rífa asbest við Héðinsgötu grímulausir og án hlífðarfatnaðar. Heilbrigðisfulltrúar fóru á staðinn og staðfestu að kvörtunin væri á rökum reist. Asbestklæðning hafði verið rifin með stórvirkum vinnuvélum af veggjum tveggja húsa, að því er kemur fram í áminningu frá Heilbrigðiseftirlitinu.

Auk þess að starfsmenn væru án hlífðarfatnaðar var engin aðstaða fyrir fata- og búningaskipti, nágrönnum hafði ekki verið gert viðvart um starfsemina og engin viðvörðunarskilti voru hengd upp um að verið væri að rífa asbest. Ekkert vatn var notað til úðunar á asbest sem var brotið og engin tilkynning hafði borist mengunarvörnum, þrátt fyrir að Umhverfissvið hefði krafist þess áður að hvort tveggja yrði gert.

SR-verktökum var veitt áminning vegna málsins, enda ber vinnuveitendum lagaleg skylda til að tryggja öryggi starfsmanna og þeirra sem koma nálægt asbestryki á og við vinnusvæði.

Árný Sigurðardóttir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík, segir SR-verktaka aldrei hafa hreyft mótmælum við áminningunni, hvorki á þeim tveimur vikum sem þeir höfðu til þess á sínum tíma, né síðar.

Sigurjón G. Halldórsson, eigandi SR-verktaka, segir áminninguna bull. Um slys hafi verið að ræða þar sem grafa hafi brotið óvart úr vegg með asbesti. Þá hafi öll vinna verið stöðvuð og haldið áfram undir eftirliti starfsmanns

Heilbrigðiseftirlitsins, þar sem allir voru í hlífðarbúningum. Hann vildi ekki svara frekari spurningum um atvikið.

Ragnar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, neitaði að svara spurningum um málið.

salvar@frettabladid.is



NIÐURRIF Þegar asbestklæðning er rifin þylast upp asbestryki sem er hættulegt mönnum. Alvarlegir sjúkdómar, eins og lungnakrabbamein, geta komið í ljós áratugum síðar. MYNDIN TENGIST EKKI EFNI FRÉTTARINNAR MED BEINUM HÆTTI.

Colin Powell berorður:

Vill láta loka Guantanamo

BANDARÍKIN, AP Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði í gær að hann teldi ráðlegast að loka tafarlaust herfangelsinu við Guantanamo-flóa á Kúbu og flytja fangana í fangelsi í Bandaríkjunum.

COLIN POWELL

Guantanamo-fangelsið, þar sem um 380 meintum „óvinveittum bardagamönnum“ er nú haldið fongnum í nafni „stríðsins gegn hryðjuverkum“, hefur að sögn Powells skaðað ímynd Bandaríkjanna í heiminum.

„Ef ég fengi einhverju um það ráðið myndi ég loka Guantanamo. Ekki á morgun, heldur strax í dag,“ sagði hann. - aa

Bílvelta í Hvalfjarðargöngum:

Hvalfjarðargöngum lokað

SLYS Bíll valt í Hvalfjarðargöngunum um kvöldmatarleytið í gær. Var göngunum lokað af þessum sökum á meðan hreinsunarstarf fór fram.

Ein kona var í bílnum en hún var komin úr honum þegar lögreglu bar að. Hún er ekki talin alvarlega slösuð. Ekki er vitað hvað varð til þess að bíllinn valt. - þeb

BANDARÍKIN

Geimferja tengist geimstöð

Geimferjan Atlantis tengdist alþjóðlegu geimstöðinni í gær, eftir tveggja sólarhringa elttingarleik. Verkfæðingar bandarísku geimferðastofnunarinnar rannsókuðu myndir af sködduðu svæði á hitavarnarskildi ferjunnar.

VIÐ HEIMTUM ÓDÝRA FARSÍMA

NOKIA 6021

ÓDÝRASTI
BLUETOOTH SÍMINN

Kr. 8.990,-

GERÐU
VERÐSAMANBURÐ

Farsímalagerinn.is

Ekki er ljóst hversu hári greiðslu fyrrverandi forstjóri Flugleiða á von á frá FL Group:

Upphæðin ekki verið reiknuð

DÓMSMÁL Upplýsingafulltrúi FL Group segir fyrirtækið ekki hafa reiknað út hversu háa upphæð það þurfi að greiða Sigurði Helgasyni, fyrrverandi forstjóra Flugleiða, eftir að Hæstiréttur felldi þann dóm að kaupréttarsamningar átta launahæstu starfsmanna fyrirtækisins, sem eftirlaun Sigurðar miðast við, teldust til launa.

Greint hefur verið frá því í fréttum Ríkissútvarpsins að upphæðin hlauti á hundruðum milljónum.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi FL Group, segist ekki geta staðfest þetta. Upplýsingarnar séu ekki frá fyrirtækinu komnar, enda hafi upphæðin ekki verið reiknuð. „Fyrir utan það að „hundruð milljóna“ er engin tala. Það gæti þýtt tvö hundruð milljónir eða níu hundruð milljónir. En við vitum ekki upphæðina.“

Í þrjátíu ára gömlum starfslokasamningi Sigurðar segir að hann skuli til æviloka hafa sjötíu prósent þeirra launa sem hann hafði þegar hann lét af störfum. Þau laun voru hins vegar ekki föst tala, heldur tæplega áttatíu prósentum hærri upphæð



KRISTJÁN KRISTJÁNSSON



SIGURÐUR HELGASON

en meðallaun þeirra átta starfsmanna fyrirtækisins sem hæstu launin höfðu.

Deilan snerist um það hvort kaupréttarsamningar sem þeir starfsmenn hafa nýtt sér frá því að þeir voru boðnir fyrst árið 2003 væru hluti af launum þeirra. Héraðsdómur sagði svo ekki vera, en Hæstiréttur sneri þeim dómi. Sigurður á því von á ríflegum greiðslum vegna vangoldinna eftirlauna frá árinu 2003. - sh



Við hvetjum okkar menn

HSÍ er fimmtíu ára í dag og framundan er einn mikilvægasti leikur ársins.

Sunnudaginn 17. júní leika strákarnir okkar gegn Serbum um sæti á EM sem fram fer í Noregi í janúar 2008.

Við óskum HSÍ til hamingju með afmælið og hvetjum alla til að mæta á leikinn. Áfram strákar!



50
ára



KAUPPING

Hugsum lengra

Guðjón Valur Sigurðsson,
landslíðsmaður

NÝTT

Bylting í meðferð
á fót sveppi ...

LAMISIL ONCE

– sveppasýkingarlyfið
sem einungis
þarf að bera á
einu sinni!Verum með
fallegar tær
í sumar!

FÆST ÁN LYFSEDLIS

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbinafíni (sem hydróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fót sveppi (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbinafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfisins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvertis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húð-meðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna nausýn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir algjöra eyðingu sveppsins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLÍÐ KVENNA Í HANDBOLTA

Sumarbónus Launamiðans

1. útdráttur 13. júní!

Skafðu hér og þú getur unnið milljón strax!

Skafðu hér og þú getur unnið 100.000 kr. á mánuði næstu 120 mánuðina. Alls 12 milljónir skattfrjálst!

Ef þú færð ekki vinning skafur þú hér og slærð inn númerið á www.hhi.is og ferð í lukkupottinn. Mundu að geyma miðann.

Fullt af glæsilegum aukavinningum í boði fyrir þá sem taka þátt:

- Sólarlandaferð með Úrval Útsýn
- Borgarferð með Úrval Útsýn
- Flug innanlands með Flugfélagi Íslands
- Leikhúsmiðar í Borgarleikhúsið

- Gisting fyrir tvo á Hótel KEA
- Leikhúsmiðar hjá Leikfélagi Akureyrar
- Kvöldverður á Einari Ben
- Ísveisla frá Kjörís
- Bíómiðar í Háskólabíó
- Launamiðar

Kíktu á www.hhi.is



Samtök atvinnulífsins um hugsanleg álver í Helguvík:

Telja að störfum fjölgi um þúsund

EFNAHAGSMÁL Störfum á Reykjanesi mun fjölga um rúmlega eitt þúsund ef 250 þúsund tonna álver verður reist í Helguvík. Atvinnutekjur munu aukast um rúma þrjú milljarða og íbúunum fjölga um hátt í tvö þúsund manns.

Forsenda íbúafjölgunar á Suðurnesjum er að fyrir hvert starf sem skapist vegna álversins fjölgi íbúum um tvo. Þetta kemur fram í nýrri úttekt Samtaka atvinnulífsins. Þá er ætlað að skatttekjur Reykjanesbæjar muni aukast um

fimmtung og verða rúmum 600 milljónum króna hærri en ella frá árinu 2015 ef álver taki til starfa í Helguvík. Skatttekjur annarra sveitarfélaga á Suðurnesjum aukist um tæpar 200 milljónir á ári og á höfuðborgarsvæðinu aukist þær um 100 milljónir.

Tekjuskattur til ríkisins muni nema einum milljarði, tryggingagjald skili 270 milljónum og tekjuskattgreiðslur fyrirtækisins nemi 1-2 milljörðum króna á ári.

- ghs



KOSTAR 31-68 MILLJÓNIR Mismunandi verð er á búseturétti fyrir eldri borgara. Algengt er að verðið sé 20-30 milljónir króna en á Markarreit kostar búseturétturinn 31 til 68 milljónir króna.

Búseturéttur til dauðadags

Einkafyrirtæki bjóða eldri borgurum upp á íbúðir með búseturétti til dauðadags. Fyrirtækin fá lóðir afhentar á lágmarksverði. Framkvæmdirnar eiga ekki að skila arði, að mati borgarstjóra.

HÚSNÆÐISMÁL Þjónustuíbúðir fyrir aldraða sem eru í byggingu á Markarreit við Suðurlandsveg kosta allt að 500 þúsund krónur á fermetrann.

Eignarhaldsfélag Nýsir stendur að byggingu þessara 78 þjónustuíbúða þar sem íbúðirnar kosta á bilinu 31 til 68 milljónir. Dýrasta íbúðin er 139 fermetrar og kostar tæpar 68 milljónir. Hæsta fermetraverðið er nálægt 500 þúsund krónum. Sambærilegar íbúðir hjá Samtökum aldraðra kosta um 20 milljónir; 200 þúsund á fermetrann miðað við 100 fermetra íbúð.

Árið 2005 fékk sjálfseignarstofnunin Markarholt byggingarétt á reitnum gegn greiðslu gatnagerðargjalda. Nýsir keypti Markarholt ári síðar og tók yfir byggingaréttinn. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sagði á borgarráðsfundi að þessi framkvæmd ætti ekki að skila arði til

eins eða neins heldur skila betri og öruggari búsetuúrræðum fyrir eldri borgara.

Staðgreiða skal andvirði íbúðarinnar og öðlast kaupandi með því búseturétt til dauðadags. Við uppsögn samnings endurgreiðir Nýsir framreiknað virði íbúðarinnar sem miðast við vísitölu neysluverðs, breytingar á fasteignamati og breytingar á brunabótamati. Af þessu dregst tveggja prósentu umsýslugjald. Einnig fer eitt og hálf prósent í afskriftir fyrir hvert leiguár.

Samtök aldraðra stóðu fyrir byggingu þjónustuíbúða við Sléttuveg fyrr á þessu ári. Á fundi sem haldinn var með íbúunum á dögnum kom fram að meðalverð íbúða var tæplega 21 milljón króna og meðalfermetraverð þvi innan við 130 þúsund krónur.


Ekki náðist í Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra í gær.

andriv@frettbladid.is

ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR ALDRAÐRA

Hjá Nýsri er ódýrasta íbúðin 81 fermetri og kostar rúmlega 31 milljón. Dýrasta íbúðin er 139 fermetrar og kostar tæplega 68 milljónir. Verðandi íbúar þurfa að staðgreiða íbúðirnar. Ekki er hægt að fá íbúðarlán þar sem íbúðirnar eru ekki keyptar heldur er borgað fyrir afnotarétt af þeim. Því er ekki hægt að leggja veð á íbúðirnar.

Samtök aldraðra stóðu að byggingu sambærilegs þjónustukjarna fyrir eldri borgara. Þar var ákveðið verð miðað við kostnaðaráætlun byggingarinnar. Verðið fylgir síðan byggingavísitölu. Á þeim íbúðum fylgja þær kvaðir að hámarks verð íbúðar er ávallt upphafleg kaupverð framreiknað miðað við byggingarvísitölu. Samtökin eiga forkaupsrétt á öllum íbúðum húsanna.



Kostirnir eru augljósir

ISLENSKA SIA IS TOY 27855 06/07

Toyota - framfarir fyrir umhverfið

Sparneytnari, umhverfsvænni og aflmeiri.

Með D-4D tækninni hafa dísilvélar Toyota tekið stórstígum framförum. Vélarar eyða minna eldsneyti á meðan aflið hefur aukist til muna. D-4D dísilvélar Toyota eru hljóðlátar og bjóða upp á þægilegan akstur með miklu tugi sem kemur sér vel við framúrakstur á þjóðvegum og í fjölbreyttum innanbæjarakstri.

Dísilvélar Toyota nýta eldsneytið betur og losa mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensínvélar sem gerir þær umhverfsvænni og ódýrari í rekstri.

Hægt er að fá flestar gerðir Toyota-bíla með dísilvél en úrvalið spannar vélar með rúmtaki frá 1,4 upp í 3,0 lítra sem skila afli frá 90 upp í 177 hestöfl.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



UNGFRÚ MISSOURI Lindsay Casmaer, fremst til hægri, fagnar er hún er útnefnd Ungfrú Missouri 2007 á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þyrla Landhelgisgæslunnar send til aðstoðar á Grænlandsjökli:

Flutti ísklifara af jöklinum

BJÖRGUN Landhelgisgæslan sótti hóp ungra kvenna á Grænlandsjökul á laugardag. Hafði vinur kvennanna haft samband við strandgæsluna í Clyde-firði í Skotlandi vegna þess að hann hafði áhyggjur af þeim.

Konurnar voru við æfingar í ísklifri á jöklinum. Átti flugvél frá Flugfélagi Íslands að sækja þær og flytja til Íslands. Vélin var að undirbúa snjóflugsbraut á jöklinum þegar hún féll niður um þunnt íslag og festist. Ekki tókst að rétta hana við og leitaði flugfélagið því eftir aðstoð Landhelgisgæslunnar.

Þyrlan TF-LÍF var send til Grænlands og með henni í för voru tveir flugvirkjar frá Flugfélagi Íslands. Þeir voru síðan skildir eftir við vélinu ásamt flugstjóra á meðan þyrlan sótti konurnar í tjaldbúðir þeirra.

Þyrlan lenti á Ísafirði rétt fyrir þrjú aðfaranótt sunnudags eftir erfitt flug frá Grænlandi. Flugvélin kom svo til landsins síðar um morguninn.



ÞYRLAN TF-LÍF Á laugardag sótti þyrlan hóp kvenna á Grænlandsjökul. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Flugfélag Íslands hefur á undanföllum vikum flogið með farþega til og frá Grænlandi og höfðu ferðirnar allar gengið vel fram að þessu.

- þeb

Fornleifarannsóknir í Tékklandi:

Fyrri til froska-áts en Frakkar

TÉKKLAND Froskalappir eru upphaflega tékkneskt lostæti, en ekki franskt eins og jafnan hefur verið talið. Þetta fullyrða tékkneskir fornleifafræðingar. Þeir segja hafa fundið sönnun þess að fornaldarbíur Bæheims hafi borðað froskalappir þegar fornarnar leifar eldhúss voru grafnar upp skammt frá Prag.

„Froskar gætu hafa leikið stórt hlutverk í landbúnaðarsögu Mið-Evrópumanna í fornöld,“ segir í skýrslu fornleifafræðistofnunar Prag-háskóla. Aðallega fundust afturlappir karlkyns froska í uppgræftrinum. Þær eru kjötmestar og vinsælastar til átu.

- sh

Vegabréfaeftirlit vestanhafs: Slaka á reglum

BANDARÍKIN Bandarísk stjórnvöld hafa slakað á reglum sem varða vegabréfaeftirlit. Hertar reglur voru settar eftir árásirnar á tvíburaturnana árið 2001. Þær hafa valdið því að bandarískir ferðalangar hafa þurft að bíða í marga mánuði eftir að fá vegabréf sín.

Nú þurfa bandarískir borgarar ekki vegabréf til að ferðast til og frá Kanada, Mexíkó, eyjunum í Karíbahafi og Bermúda.

- pal

EVROPUSAMBANDIÐ

Innflutningsbann falli niður

Verið er að undirbúa innleiðingu matvælaöggjafar Evrópusambandsins hér á landi. Lögin gera ráð fyrir að bann við innflutningi á ýmsum matvælum af EES-svæðinu falli niður í ársbyrjun 2010. Sama gildir um útflutning íslenskra afurða.

Hjallastefnan tekur við rekstri leikskólans Laufásborgar:

Óvíst með hækkun gjalda

MENNTUN Hjallastefnan ehf. tekur við rekstri leikskólans Laufásborgar í haust. Samningur þess efnis var staðfestur í leikskólaráði Reykjavíkurborgar á miðvikudag. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna greiddu atkvæði gegn samningnum.

Oddný Sturludóttir, fulltrúi Samfylkingar, segir að Hjallastefnan hafi blómstrað á Laufásborg á meðan hann var rekinn af Reykjavíkurborg. „Það er algjört einsdæmi að Reykjavíkurborg afhendi fullbúinn og rótgróinn leikskóla til einkaaðila,“ segir Oddný. Hún segist ekki getað skrifað undir að börn framtíðarinnar á Laufásborg muni hugsanlega greiða hærri leikskólagjöld en þau gera í dag.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs Reykja-

GREIÐA SÖMU GJÖLD

Í eftirfarandi leikskólum Hjallastefnu eru sömu gjöld og öðrum leikskólum sveitarfélagsins:

- Ránargrund í Garðabæ
- Hjalli í Hafnarfirði
- Hólmasól á Akureyri
- Ásar í Garðabæ
- Hraunborg í Borgarbyggð



LAUFÁSBORG Hjallastefnan tekur við rekstri leikskóla en Laufásborg verður sá fyrsti í Reykjavík.

víkurborgar, segir eftirspurn foreldra og starfsmanna eftir Hjallastefnuleikskóla hafa verið mikla. „Þetta er vernduð hugmyndafræði og það er ekki hægt að vera með Hjallastefnuna án þess að vera með allt heildarkerfið, sem felur í sér annað rekstrarform,“ segir Þorbjörg og bætir við að öll

börn sem séu nú þegar á Laufásborg muni njóta sömu gjaldskrár og áður.

Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, segir að það eigi eftir að koma í ljós hvort heimild til hækkunar gjaldskrár verði nýtt.

- lbb

Héraðsdómur staðfestur:

Forstjórinn er ábyrgur og greiði bætur

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm héraðsdóms þess efnis að Mark Wells, forstjóri og aðaleigandi fyrirtækisins Aquanetworld, beri skaðabótaábyrgð og eigi að borga Lesley Patriciu Ágústsson til baka tæpar 2,7 milljónir króna sem hann hafi blekkt hana til að festa í fyrirtækinu.

Vilhjálmur Bergs lögmaður segir að Lesley sé að vonum ánægð með niðurstöðuna. „Hún gerir sér þó ekki miklar vonir að fjármunirnir fái greiddir, þótt innheimtutilraunum verði að sjálfsgöðu haldi áfram. Einkum er um móralskan sigur að ræða sem verður vonandi til þess að stöðva þessa starfsemi hér á landi,“ segir hann.

- ghs



100% lán

af völdum bílum*

Gott úrval Pajero Sport á frábærum kjörum

Nýlegir og góðir eldri Pajero Sport jeppar á verði frá aðeins **1.190.000** kr.

Dráttarbeisli og sumar- og vetrardekk fylgja öllum Pajero Sport jeppum

Notaðir bílar í toppstandi!





www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Opið á Kletthálsi 11

mánudaga til föstudaga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Opnum eftir miklar breytingar

Glæsileg opnunartilboð

Hlífðar-
dýna og
Bella Donna
Aloe Vera lak
fylgja með



Tempur Spring, hin margrómaða heilsudýna á frábæru júnítilboði
King (193x203) kr. 199.900,-
Cal King (183x213) kr. 199.900,-
Queen (153x203) kr. 174.900,-



Full verslun af nýjum teppasettum
skrautpúðum og glæsilegum sængurverum



Stillanlegt og þægilegt

2 Infinity stillanlegir botnar • 2 Infinity heilsudýnur • Króm lappir og Infinity gaff
Opnunartilboð kr. 309.900,-



Queen opnunartilboð

Queen Stærð 152x203 cm • Chiro Deluxe heilsudýna • Bólstraður leðurbotn og lappir
Opnunartilboð kr. 119.900,-



Áttu von á gestum? Aldrei meira úrval

SENSEO SVEFNSÓFI 160 / 209x95cm – SENSEO SVEFNSÓFI 140 / 187x95cm – Margir litir

Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opnið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

VEISTU SVARIÐ?



SIJALDGEF BAMBUSÆTA Pandabirnir eru í mikilli útrýmingarhættu, en þessi húnur var ekki hræddur við að klífa á verndarsvæðinu sínu í Suðvestur-Kína.

NORDICPHOTOS/AFP

Flutningaskipið Axel var vígt á Akureyri á föstudag:

Strandsiglingar hafnar á ný

SAMGÖNGUR Strandsiglingar eru hafnar á ný við Ísland. Ari Axel Jónsson, eigandi fyrirtækisins Dreggs, hefur keypt flutningaskip sem hvort tveggja er ætlað til útflutnings og strandsiglinga í kringum Ísland.

Skipið var vígt á Akureyri á föstudag við fjölmenni og hlaut nafnið Axel. Eftir vígsluna var haldið til Ísafjarðar til að kynna skipið þar og náði blaðamaður tali af Ara á stíminu þangað.

„Landsbyggðin er með hellingsmarkað og marga í sömu stöðu og ég hefur dreymt um að hafa flutningaskip sem gengur hringinn í kringum landið,“ sagði Ari. „Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að strandsiglingar eins og þær voru áður heyra sögunni til.“ Skipið á því einnig að sinna útflutningi. Það er frystiskip, er með 140 gámaeiningar og aðstöðu fyrir lausavöru og er búið öflugum krönum.

„Þetta kostaði augun úr,“ svaraði Ari spurður um



ARI AXEL JÓNSSON UM BORD Í SKIPINU Flutningaskipið Axel var vígt við hátíðlega athöfn á Akureyri á laugardaginn.

verðið á skipinu. Stofnað hefur verið fyrirtækið Dregg Shipping sem heldur utan um skipið. Ari er eigandi þess en framkvæmdastjóri er Bjarni Sigurðsson.

- pal

Spánverjar sakna söngtexta: Nefnd semji ljóð við þjóðsönginn

SPÁNN Leiðtogi stjórnarandstöðuflokks á Spáni hyggst flytja frumvarp þess efnis að skipuð verði nefnd sem hefði það hlutverk að semja texta við þjóðsöng Spánverja.

Þjóðsöngurinn var tekinn upp síðla á átjándu öld. Honum hefur aldrei fylgt texti, þrátt fyrir fjölda tilrauna til að semja einn slíkan.

Mariano Rajoy, flutningsmaður frumvarpsins, segir að þingnefndin ætti að geta samið laglegt vers við þjóðsönginn á tveimur til þremur vikum. Margir hafa þó list efasemdum um að nefnd geti valdið svo listrænu verki.

- sh

Háskólahátíð á Bifröst:

Kaupþing styrkir Bifröst

MENNTUN Menntasjóður Kaupþings banka hefur ákveðið að styrkja Háskólann á Bifröst um 30 milljónir króna. Frá þessu



greindi dr. Ágúst Einarsson, rektor Háskólans, í ræðu á háskólahátíð þar vestra í gær.

Helming fjárens á að nota til námskeiða í meistaranámi í alþjóðlegum banka- og fjármálafræðum en hinn helminginn skal nota til að ráða erlenda kennara og til rannsókna, útgáfu og ráðstefnuhalds.

„Það er mikilvægt að hin öflugur fyrirtæki í landinu styrki skólana með þessum hætti og þetta er höfðinglegt framlag Kaupþings banka,“ segir Ágúst.

- vig

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands segir í lagi með hausþurrkun á Akranesi:

Ólyktin er ekki frá Laugafiski

UMHVERFISMÁL Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að þeir sem stóðu að undirskriftum gegn hausþurrkun Laugafisks á Akranesi hafi haft fyrirtækið fyrir rangri sök. Meint ólykt af starfsemi fyrirtækis hafi í raun stafað frá fiskimjölsværksmiðju HB Granda þar í bænum.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu skrifuðu 603 íbúar á Akranesi undir mótmælaskjal gegn starfsemi Laugafisks og lögðu meðal annars til að starfsemin yrði flutt í iðnaðarhverfi fyrir utan bæinn þar sem ólykt af hausþurrkun fyrirtækisins væri óþolandi. Mótmælin beindust einnig gegn miklum óþef frá fiskimjölsværksmiðju HB Granda.

Í ábendingum til Akraneskaupstaðar segir Heilbrigðiseftirlit Vesturlands að Laugafiskur hafi



lagt í nokkurn kostnað til að bæta mengunarvarnir. Starfsemin hafi á liðnum misserum farið að skilyrðum sem sett séu í starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu. Kvörtunum frá íbúum hafi fækkað mikið frá því í lok árs 2004 er gerðar hafi verið kröfur um að allt hráefni kæmi ísað til vinnslunnar. Engin kvörtun hafi borist á þessu ári og heilbrigðiseftirlitið hafi aldrei áminnt Laugafisk formlega.

Starfsemi fiskimjölsværksmiðju HB Granda heyrir ekki undir heilbrigðiseftirlitið heldur Umhverfisstofnun. Bæjaryfirvöld á Akranesi biða enn umsagnar stofnunarinnar um HB Granda.

- gar

HJÁ LAUGAFISKI Þessir tveir íbúar á Akranesi eru meðal þeirra sem kvartað hafa undan ólykt hjá Laugafiski.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FJÖLMÍÐLAR

Dreifingin sameinuð

DV og Birtingur hafa sameinað dreifingardeildir fyrirtækjanna og ýmsa bakvinnslu eins og áskriftir, skráningu og símsvörun. Fyrirtækin hyggja á nánara samstarf, að sögn Elínar G. Ragnarsdóttur, framkvæmdastjóra Birtings.

BORGARFJÖRÐUR

Dýrbítur meðal lamba

Labrador-hundur beit tvö lömb við bæ í Lundareykjadal í Borgarfirði á laugardag. Hundurinn hryggbraut annað lambið en beit hitt inn í hjarta.

LÖGREGLUFRETTIR

Í farbanni enn um sinn

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hyggst fara fram á framlengingu á farbanni yfir Viggó Viggóssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sparisjóðanna. Viggó var sagt upp störfum í tengslum við ábyrgðaryfirlýsingu upp á 13 milljarða króna.

Veldu þann sem þér líkar best

Mazda hefur lægstu bilanatíðni allra bíla samkvæmt rannsókn tryggingafélagsins Warranty Direct. Helmingi lægri en Toyota. Hagsýnn Íslendingur velur praktískan og fallegan bíl. Þess vegna eru gæði Mazda góður kostur fyrir þig. Veldu þann sem þér líkar best. Uppgötvaðu nýja og betri þjónustu Mazda á Íslandi. Veldu sportlega og praktíska hönnun. Núna Mazda3.

Spurðu Mazda eigendur um þjónustu Brimborgar. Komdu í Brimborg og reynsuaktu Mazda3.



Spurðu um endursöluverð á Mazda. Komdu í nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bildshöfða 8



Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi funda í London: Samráð við fiskkaupendur

SJÁVARÚTVEGUR Sendiráð Íslands í London, Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og helstu sölufyrirtæki íslenskra sjávarafurða stóðu í vikunni fyrir fundi með fulltrúum allra helstu fiskkaupenda og smásöluáðila í Bretlandi.

Á fundinum var aðallega fjallað um íslenska fiskveiðistjórnun, ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og umhverfismerkingar sjávarafurða.

Markmið fundarins var að skapa samstarfsvettvang þar sem framleiðendur á Íslandi og kaupendur í Bretlandi gætu skipst á upplýsingum og skoðunum. Einar K. Guðfinnsson



Á BRYGGJUNNI Leitast er við að hafa meira samráð við kaupendur sjávarafurða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sjávarútvegsráðherra sótti fundinn. - shá



MISMUNANDI RÖNTGENVÉLAR, SAMA TASKA Í töskunni virðast vera nokkur raftæki, sími og straumbreytir. Myndin til hægri sýnir hvað hægt er að sjá með nýju vélunum. Í sömu tösku koma þá fram tvær gerðir sprengiefnis og skammtbyssa. MYND/JOHN HOOPER

Ný gegnumlýsingartækni kynnt Íslendingum: Greinir lífræn efni mun betur

ÖRYGGISGÆSLA Ný tækni við gegnumlýsingu greinir lífræn efni mun betur en sú sígilda, sem greinir helst raftæki og málma. John Hooper, aðstoðarframkvæmdastjóri Strategic Alliances, heimsótti Ísland á dögnum og kynnti þessa tækni fyrir lögreglu og tollgæslumönnum.

Uppgang tækninnar má meðal

annars rekja til aukinna krafna um að farangur, gámar og sendingar séu gegnumlýst áður en þau komi að ströndum landsins.

Uffe Ynill, umboðsaðili tækjanna í Danmörku, segir merkjanlegan mun á afstöðu þeirra sem með öryggismál fara og tímaspursmál hvenær tækin verði gerð að staðalbúnaði í Evrópu. - kóp



50 ára afmæli AFS á Íslandi

verður haldið hátíðlegt laugardaginn 16. júní næstkomandi á hótél Nordica. Málþing sem ber yfirskriftina "Sá einn veit er víða ratar", hefst kl. 14:00. Meðal ræðumanna og gesta er forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Francisco Tachi Casal forseti alþjóðasamtaka AFS, Rudolph Schuster fyrrum forseti Slóvakíu og friðarleiðtogi og Madeleine Ströje Wilkens sendiherra Svía á Íslandi.

Um kvöldið er hátíðarkvöldverður sem hefst kl. 19:30 og dansleikur þar á eftir. Hljómsveitin Stjórnin mun leika fyrir dansi. Hátíðarkvöldverðurinn er öllum opinn en miðaverð er 4000 kr. fyrir 25 ára og eldri en 2500 kr. fyrir yngri. Miðar eru seldir á skrifstofu AFS á Íslandi. Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á www.afs.is eða á skrifstofu AFS á Íslandi í síma: 5525450

Um kvöldið er hátíðarkvöldverður sem hefst kl. 19:30 og dansleikur þar á eftir. Hljómsveitin Stjórnin mun leika fyrir dansi. Hátíðarkvöldverðurinn er öllum opinn en miðaverð er 4000 kr. fyrir 25 ára og eldri en 2500 kr. fyrir yngri. Miðar eru seldir á skrifstofu AFS á Íslandi. Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á www.afs.is eða á skrifstofu AFS á Íslandi í síma: 5525450



Veldu rétt

Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman gæði og þjónustu Mazda og Toyota. Prófaðu eitthvað nýtt. Mazda keppir við hvern sem er - helst Toyota. Prófaðu aðra eiginleika. Prófaðu önnur þægindi. Núna Mazda3.

Skoðuðu góðgætin á lista staðalbúnaðar Mazda3.

Mazda3 Touring
5 dyra 1,6i 5 girja
Verð 1.980.000 kr.*

MAZDA3 TOURING Staðalbúnaður

ABS diskahemlar á öllum hjólum
EBD hemlajöfnun með EBA hemlahjálpi
DSC stöðugleikastýring
Þriggja punkta öryggisbelti í öllum sætum
Stíllanlegir höfuðpúðar á öllum sætum
Loftpúðar fyrir öikumann og farþega í framsæti ásamt hliðarloftpúðum í sætum
Loftpúðagardínur að framan og aftan
Dagljósabúnaður
Hreinsibúnaður á framljósum
Fjarstýrð samlæsing
ISOFIX festingar fyrir barnabilstól í aftursæti
Leðurklætt velti- og aðdráttarstýri með útvarpsstillingum
Hæðarstillanlegt bilstjórásæti.
Rafdrifnar rúðuvindur að framan og aftan
15" stálfelgur með heilum köppum
Samlitir speglar, hurðarhúnar og hliðarlistar
Armpúði milli framsæta með hölfi
Glasahaldarar milli framsæta og í afturhúðum
Litað gler

Auka hemlajós að aftan
Upphitaðir og rafstýrðir útispeglar
Loftkæling
Speglar í sólskyggnum
Upphituð framsæti
Niðurfellanleg aftursætisbök 60/40
Bensínlok opnanlegt innan frá
Útvarp með geislaspilara og 4 hátölurum
Útíttamælir
Ljós í farangursrými
Frjókornasía
Leðurklæddur girhnúður
Miðstöðvarblástur afturi
Gúmmimottur að framan og aftan
Metallitur

MAZDA3 TOURING PLUS Búnaður umfram Touring

Aksturstölva
16" álfelgur
Dekk 205/55R16
pokuljós að framan
Sjálfvirk loftkæling (air-con)



MAZDA3 SPORT Búnaður umfram Touring Plus

6 girja
17" álfelgur
Xenon framljós
Díóðaúfturljós
Útvarp með geislaspilara og 6 hátölurum
Samlit grill
Sport sísalistar
Sport þokuljós í stuðara
Sport stuðarar að framan og aftan
Sport sæti og áklæði
Vindskeið
Regnsemi fyrir rúðuburrkur
Krómsstútur á pústkerfi
TCS spólvörn
Hraðastillir

**Vertu sportlegur
Veldu annan stíl
Núna Mazda3**



Hagsýnn Íslendingur velur praktískan og fallegan bíl
Núna Mazda3

Frábær í endursölu


Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is



Öruggur staður til að vera á

Svona erum við

> Fjöldi sakfellinga fyrir meiri háttar líkamsrásir í héraðsdómum

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVAR
ÓVARIN BÖRN Í BÍL**Engar afsak-anir gildar**

Árleg könnun á öryggi leikskólubarna í bílum leiddi í ljós að fjórtán prósentum barna er ekið til leikskóla í óviðunandi öryggisbúnaði. Kristín Björg Þorsteinsdóttir er fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu.



KRISTÍN BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR
Fræðslufulltrúi

Koma þessar niðurstöður á óvart?

Já, það kemur alltaf á óvart þegar við sjáum foreldra vanrækja skyldur sínar á þennan hátt enda eru upplýsingar um öryggisbúnað fyrir börn mjög aðgengilegar.

Hver er helsta skyssan sem foreldrar gera? Það er áberandi að börnin séu í búnaði sem hæfir ekki aldris þeirra og þyngd. 24 börn sátu fyrir framan öryggisþúða. Það er stór hætta á því enginn barnslíkarni getur borið höggjöð sem myndast þegar þú þinn skýst út.

Hvað er hægt að gera til að breyta þessu? Fræðslan er til staðar svo foreldrar geta varla afsakað sig með því að þeir viti ekki betur. Algengasta afsökunin er sú að fólk hafi verið að flýta sér. Það er engin afsökun. Maður á alltaf að gefa sér tíma til að koma barninu í stólinn og festa það. Ef til vill mætti herða eftirlit og beita hærri sektum.

Óbyggðanefnd setur strik í reikning

Verði niðurstaða óbyggðanefndar um þjóðlendur á Norðausturlandi staðfest fyrir dómstólum vakna spurningar um áhrif niðurstöðunnar á kröfur bænda á svæðinu um greiðslur fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar. Einnig má velta fyrir sér hvort ríkið muni gera sambærilegar kröfur og bændurnir vegna þjóðlenda á hendur ríkissjóðvirktækni Landsvirkjun.

Úrskurður óbyggðanefndar vegna Norðausturlands var kynntur í lok maí. Samkvæmt honum er stór hluti af því landsvæði sem eigendur lands í nágrenni Kárahnjúkavirkjunar hafa talið sig eiga í raun þjóðlendur í eigu ríkisins.

Útilokað er annað en látið verði reyna á úrskurðinn fyrir dómstólum, enda miklir hagsmunir í húfi. Landeigendur á svæðinu hafa sagt vatnsréttindin virði 72 milljarða, en Landsvirkjun mat verðmæti þeirra á bilinu 150-375 milljónir króna.

Vilja 58 milljarða

Fyrir úrskurð óbyggðanefndar áttu landeigendur um áttafu prósent af vatnsréttindunum en ríkið tuttugu prósent. Kröfur landeigenda um greiðslur vegna vatnsréttindanna voru því samanlagt 58

VATNSRÉTTINDI Landeigendur í nágrenni Kárahnjúkavirkjunar vilja fá hlutdeild í tekjum Landsvirkjunar af virkjuninni. Þeir krefjast þess að fá fimmtán prósent af árlægum tekjum, með eingreiðslu.

FRÉTTAÞLADIÐ/GVA

milljarðar, deilt niður á landeigendur í hlutfalli við eign.

Verði niðurstöðu óbyggðanefndar ekki hnekkt mun ríkið eiga tæplega sextíu prósent af vatnsréttindum vegna Kárahnjúkavirkjunar, ekki tuttugu prósent eins og áður var, segir Jón Jónsson héraðsdómslögmaður, einn lögmanna landeigenda á svæðinu. Landeigendur hafa sex mánuði til að höfða mál til ógildingar úrskurði óbyggðanefndar. Telja má öruggt að málið fari fyrir bæði héraðsdóm og Hæstarétt, enda hafa einhverjir landeigenda þegar lýst því yfir.

Ef úrskurðurinn verður staðfestur verður sú staða uppi að Landsvirkjun, fyrirtæki sem er að öllu í eigu ríkisins, mun þurfa að semja við ríkið vegna broðurpartsvatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Samkvæmt þjóðlendulögum þarf leyfi forsætisráðherra til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi þjóðlenda, og ráðherra getur samið um endurgjald fyrir nýtingu réttinda. Ef Landsvirkjun vill semja um vatnsréttindin þarf því að ræða við forsætisráðherra.

Ekki eru þó taldar líkur á því að samningaviðræður ríkisins við Landsvirkjun verði vettvangur átaka. „Þeir ættu að geta komist að hagstæðum samningum,“ segir Friðbjörn E. Garðarsson héraðsdómslögmaður, annar lögmanna

landeigenda á svæðinu, og vísar þar til þess að í raun væri verið að flytja peninga úr einum vasa ríkisins í annan.

Ríkinu skylt að gera kröfu?

Aðrir viðmælendur úr lögmansstétt, sem ekki hafa komið að málinu, bentu á að ekki einasta væri líklegt að ríkið gerði kröfur á Landsvirkjun, heldur mætti raunar lesa lögin þannig að ríkinu væri skylt að gera slíkar kröfur. Sérfræðingar segja ljóst að ríkið muni ekki fallast á að afsala sér vatnsréttindum til Landsvirkjunar til frambúðar, heldur muni það leigja réttinn.

Þegar Geir H. Haarde forsætisráðherra var spurður að því hvort ríkið myndi gera kröfur á hendur Landsvirkjun fyrir nýtingu á þjóðlendum í þessu tilvik sagði hann að það hefði ekki verið skoðað. Líklegt væri að látið yrði reyna á úrskurð óbyggðanefndar fyrir dómstólum, og því ekki tímabært að taka afstöðu í málinu. Hann sagði vissulega þurfa að skoða hvaða fordæmi möguleg krafa ríkisins myndi gefa fyrir kröfur vegna slíkrar nýtingar í framtíðinni.

Það sem kemur ekki fram í þjóðlendulögum er hversu háar upphæðir Landsvirkjun eigi að greiða fyrir vatnsréttindi af þjóðlendum. Ósvarað er hvort ríkið muni gera kröfur áþekkar þeim sem bændurnir hafa uppi.

Gerir kröfu fyrir hönd ríkisjarða

Jón Jónsson, lögmaður landeigenda, bendir þó á að um fimmtungur vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar tilheyrir ríkissjóðum, óháð úrskurði óbyggðanefndar um þjóðlendur. Fyrir matsnefnd hafi ríkið krafist hlutdeildar í greiðslum vegna vatnsréttinda í samræmi við það hlutfall, eða rúmra fjórtán milljarða króna miðað við yftrustu kröfur landeigenda.

Dómstólar og matsnefndir nota þau fordæmi sem til staðar eru til að meta verðmæti réttinda, til að mynda vegna vatnsréttinda. Þeir lögmenn sem rætt var við voru þó sammála um að samningur ríkisins við Landsvirkjun gæti ekki verið fordæmisgefandi fyrir matsnefndir og dómstóla sem meta verðmæti réttinda annarra landeigenda. Það yrði ekki fordæmisgefandi ef ríkið og Landsvirkjun myndu semja um „eitthvert klink“ í bætur, sagði einn viðmælenda.

Sérfræðingar sem leitað var til sögðust þó ekki efast um að næði Landsvirkjun hagstæðum samningi við ríkið vegna vatnsréttindanna myndu lögmenn félagsins reyna að nota þá sem fordæmi í samningum við aðra landeigendur. Dómstólar og matsnefndir myndu hins vegar ekki líta til þess fordæmis þar sem í slíkum samningum væri ríkið í raun að semja við sjálf sig og aðstæður hvergi nærri eðlilegar.

Ráðherra með tvo hatta

Ólíklegt er talið að fjármálaráðherra beiti sér í málinu. Í því sé hann í raun með tvo hatta. Annars vegar vilji hann fá sem mest fé í ríkissjóð fyrir nýtingu á þjóðlendunum og jörðum í ríkiseigu. Hins vegar vilji hann hag ríkissfyrirtækisins Landsvirkjunar sem mestan, enda haldi hann um eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu, og vilji því að Landsvirkjun greiði sem minnst fyrir réttindin.



FRÉTTASKÝRING
BRJANN JÓNSSON
brjann@frettabladid.is

Skordýr í Elliðaárdal

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðmundar Halldórssonar, skordýrfræðings þriðjudagskvöldið 12. júní kl. 19.30. Gengið verður um dalinn og hugað að þeim smádyrum sem þar búa. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler.

Gangan hefst við Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur í Elliðaárdal.



ÍSLENSKA STÁLS OLF 2007/06/07

ÚRSKURÐAÐ UM VERÐMÆTI Í SUMAR?

Landsvirkjun fékk heimild til þess að taka land eignarnámi þegar ákveðið var að fara í Kárahnjúkavirkjun árið 2003. Árið 2005 stofnuðu landeigendur Félag landeigenda í Fljótaldal og Jökuldal.

Félagið og Landsvirkjun komust að samkomulagi um að málið færi í sérstakt ferli til að einfalda mála-reksturinn. Stofnuð var matsnefnd sem fékk það hlutverk að meta vatnsréttindin til verðs.

Málið var flutt fyrir nefndinni 15. maí síðastliðinn. Þar kröfðust landeigendur þess að vatnsréttindin vegna virkjunarinnar yrðu metin á samtals 72 milljarða króna. Þar af

væri hlutur ríkisins vegna þjóðlenda tuttugu prósent en hlutur landeigenda áttatíu prósent, eða tæp 58 milljarðar. Landsvirkjun mat réttindin á 150-375 milljónir króna.

Vonir standa til þess að nefndin felli úrskurð sinn síðla sumars. Úrskurður nefndarinnar verður kærslugur til dómstóla, en nýlegur úrskurður óbyggðanefndar flækir þann feril nokkuð, enda hafa landareignir landeigenda skroppið verulega saman miðað við úrskurðinn og ekki ljóst hvernig þau mál fari að lokum enda verður málaferlum væntanlega ólokið þegar úrskurður matsnefndar verður birtur.

MAX

RAFTÆKI

Lágmax
verð



DVD ferðaspilari
fyrir 12 og 220v

24.989 kr.

Fullt verð ~~32.989~~



- Lenco MES210
- Ferða DVD spilari
 - Tveir 7" LCD breiðtjaldsskír
 - Fjölkerfa DVD spilari
 - Heymartóstengi
 - Dolby Digital
 - Hristivörn
 - Fjarstýring
 - 12 og 220v



Spilar DVD, DVD+R/RW
Spilar CD, CD+R/RW, MP3 og JPEG

DVD ferðaspilari - pottpétt græja í bílinn og sumarhústaðinn



- Melissa 646045
- Multi Mixer blandari
 - Hakkar
 - Blandar
 - Hrærir
 - Sker
 - Mylur ofl.

3.989 kr.

Fullt verð ~~4.999~~



United FC5164
40 sm gólfvifta

2.989 kr.

Fullt verð ~~3.989~~

2.989 kr.

Fullt verð ~~4.989~~

Melissa 640040
Einföld og góð
1400w ryksuga



99.989 kr.

Fullt verð ~~149.989~~

- Samsung LE32R32
- 32" LCD veggsgjónvarp
 - HDTV háskerpusjónvarp
 - 1366 x 768 punkta upplausn
 - Mynd í mynd (1 tuner)
 - DVI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video



FRÍ HEIMSENDING
FRÍ SAMSETNING

Ef grillið er keypt
fyrir kl. 16.00
sendum við það
heim í dag!

69.899 kr.

Fullt verð ~~84.489~~

- PermaSteel 43099 gasgrill
- 52.000 BTU
 - Ryðfrítt stál / pottstál
 - 4 línubrennarar
 - 1 hlíðar eldunarhella
 - Grillgrind úr pott-stáli
 - Efri grind úr emileruðu stáli
 - Raf kveikja



19.989 kr.

Fullt verð ~~26.989~~

- SONY DSCW50
- Stafræn myndavél
 - 6 milljón punkta uppl.
 - 2,5" LCD skjár
 - 3x Optical
 - 6x Digital zoom
 - Carl Zeiss linsa
 - Hreyfimyndataka
 - USB tenging
 - 32MB minni innbyggt

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær
tækjakaup

MAX / Kaupþúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA



Upplifðu sumarið

FRÁBÆR TILFINNING!

NÝTT!



Létt áferð | Þornar strax | Klístrast ekki



Nýja **NIVEA Sun Light Feeling** gerir þér kleift að upplifa sumarið á nýjan máta. Þessi léttu formúla gengur hratt inn í húðina, klístrast ekki og verndar þig gegn UVA og UVB geislum sólarinnar. Veldu á milli þriggja styrkleika – 6, 10 og 20.


Meiri fróðleikur á www.NIVEA.com/lightfeeling

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

DAVID BRINKLEY (1920-2003)
LÉST PENNAN DAG.

„Eina leiðin til að flytja fréttir í sjónvarpi er að vera ekki hræddur við þær.“

Bandaríski sjónvarpsmaðurinn Brinkley flutti fréttir í tugi ára á sjónvarpsstöðunum NBC og ABC.



tímamót

timamot@frettabladid.is

List og hönnun á framhaldsstigi

Stofnuð hafa verið Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi. Í fréttatilkynningu frá hinu nýstofnaða félagi kemur fram að mikil þörf sé á slíkum samtökum, meðal annars til umsagnar og stefnumótunar á námskrám, til að auka faglega umræðu, sjá um endurmenntun og námskeið. Einnig til að auka kennslu í þessum greinum.

Vefur samtakanna <http://vefir.multimedia.is/hlynur/> slh/ká að auðvelda félagsmönnum að nálgast ýmsar upplýsingar.

Anna Snædís Sigmarsdóttir er formaður samtakanna nýju.



STOFNUÐ HAFVA VERIÐ SAMTÖK LISTA.

ÞETTA GERÐIST: 11. JÚNÍ 1955

Áhorfendur létust á Le Mans

Kappakstur bíll Pierre Levegh, frá Mercedes-Benz, varð 77 áhorfendum að bana eftir árekstur við annan bíl í Le Mans-kappakstrinum. Billinn, sem var á 240 kílómetra hraða, hentist inn í áhorfendaskarann við áreksturinn og sprakk. Pierre Levegh lést samstundis við sprenginguna auk 77 áhorfenda og fjöldi annarra slasaðist.

Lance Macklin, sem ók hinum bílnum, slapp hins vegar ómeiddur. Keppendurnir voru frá þremur liðum; Ferrari, Jaguar og Mercedes-Benz, og varð slysið um tveimur klukkustundum eftir að Sólarhringskappaksturinn hófst. Þrátt fyrir slysið var keppni



REGLUR UM ÖRYGGI ÁHORFENDA VORU HERTAR STÓRLEGA EFTIR HIÐ HÖRMULEGA SLYS Á LE MANS.

ökumann og dregið sig úr keppni í Le Mans. Í kjölfar þessa hræðilega slyss voru öryggisreglur áhorfenda hertar í Frakklandi, Sviss og Þýskalandi. Svisslendingar bönnuðu kappakstur þar til nú á dögnum þegar þingmenn samþykktu að keppt yrði að nýju í landinu.

MERKISATBURÐIR

- 1509 Hinrik VIII Englandskonungur giftist í fyrsta sinn. Það gerði hann fimm sinnum í viðbót á ævinni.
- 1928 Flugfélag Íslands fer í fyrsta áætlanarflug sitt milli Reykjavíkur og Akureyrar á sjóflugvélinni Súlnni.
- 1935 Auður Auðuns lýkur lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands fyrst kvenna. Hún varð síðar fyrst kvenna borgarstjóri í Reykjavík og ráðherra.
- 1962 Þrjú menn sleppa frá hinu illræmda Alcatraz-fangelsi í Bandaríkjunum. Var það talinn best heppnaði flóttinn úr fangelsinu þrátt fyrir að mennirnir hafi aldrei sést síðan.
- 2000 Hafez Assad Sýrlandsforseti dey, 69 ára að aldri.

KVENNAKÓR HORNFAJARÐAR: HELDUR UPP Á TÍU ÁRA AFMÆLI

Ætlar að slá í gegn í Hamborg

Kvennakór Hornafjarðar fagnar tíu ára afmæli á árinu með pompi og prakt. Hann syngur í Háteigskirkju í kvöld, heldur í vikuféruð til Hamborgar á morgun og í haust er vegleg árs hátíð á döfinni. Afmælisárið byrjaði reyndar með útgáfu almanaks í anda frönsku póstkortanna sem vinsæl voru í kringum aldamótin 1900. Útgáfan var til fjárflyunar og þar eru myndir af kórkonum misjafnlega fálaklæddum.

Áslaug Íris Valsdóttir, ljósmóðir á Höfn, er formaður kórsins og hún var spurð út í starfseminna. „Kvennakór Hornafjarðar er öflugur kór og búinn að stimpla sig inn sem slíkur. Við höfum verið flestar í kringum fjöruðu en þetta er kvennakór og alltaf einhverjar íbarneignarfrí og öðrum leyfum eitt og eitt ár. Ákveðinn kjarni er þó búinn að vera með alveg frá stofnun.“ Áslaug kveðst hafa gengið til liðs við kórinn 2001. „Ég er búin að vera með síðan ég flutti til Hornafjarðar og það er búið að vera mjög skemmtilegt. Ég hugsa að ég hefði ekki unað eins vel á staðnum ef ég hefði ekki haft sönginn og þann ágæta félagsskap sem fylgir honum,“ segir hún.

Nú er afmælisferð til Þýskalands að bresta á og þátttakendur í henni eru á þriðja tuginn. „Við fljúgum til Kaupmannahafnar og keyrum þaðan til nágrennis Hamborgar. Við munum bæði syngja á götuhornum og verða með eina tónleika í kirkju ásamt stórum þýskum kór. Það er auðvitað meiningin að slá í gegn,“ segir Áslaug hlæjandi og er sannfærð um að framundan sé mikið ævintýri.

Stjórnandi kvennakórsins er Svavar Sigurðsson, organisti og skólustjóri Tónlistarskóla Djúpavogs. Hann þarf að keyra hundrað kílómetra hvora leið á æfingar og Áslaug segir hvassviðri og grjóthrun stundum hafa hamlað för hans í vetur. Tekur þó fram að tónleikar kórsins í Háteigskirkju í kvöld séu vel æfðir, flottir og fjölbreyttir. „Dagskráin er létt og skemmtileg og flestir ættu að finna þar eitthvað sem þeim líkar,“ segir hún að lokum.

gun@frettabladid.is

FRÍÐ FLJÓÐ Hinar föngulegu konur í Kvennakór Hornafjarðar gáfu út almanak fyrir árið 2007. Þetta er forsiðan.

MYND/SIGURÐUR MAR



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Svanhvít Ólafsdóttir

frá Suðureyri við Súgandafjörð,

sem andaðist 25. maí á heimili sínu, Hjúkrunarheimilinu Sóltni Reykjavík, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju 12. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Styrktarfélag vangefinna.

Gunnar Pálsson
Friðbert Pálsson
Leó Pálsson
Barnabörn og barnabarnabörn.

Hafðís Pálmadóttir
Fanney Gísladóttir
Ingunn Þorleifsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Haukur Einarsson

velfræðingur, Jökklafold 4, Grafarvogi,

lést á Landspítalanum Hringbraut miðvikudaginn 30. maí. Útför hans fer fram í Grafarvogskirkju í dag mánudaginn 11. júní kl. 13.00.

Guðrún Kristjánsdóttir
Jóna Helga Hauksdóttir
Inga Guðný Hauksdóttir
Einar Birgir Hauksson
Edda Kristín Hauksdóttir
Anna Karen Hauksdóttir
og barnabörn.

Bernharð Antoniusen
Kristín Óskarsdóttir

Í SAMSTARF Guðrún Pétursdóttir framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða og Þórður Guðmundsson forstjóri Landsnets h.f. undirrita samstarfssamning.



Landsnet og Stofnun Sæmundar fróða í samstarf

Ritað var undir samstarfssamning milli Landsnets og Stofnunar Sæmundar fróða á dögnum. Hlutverk Landsnets er að sinna raforkuflutningi og kerfisstjórnun. Stofnun Sæmundar fróða er ætlað að leiða saman vísindamenn úr mörgum greinum til að leysa vandamál sem varða hin ýmsu svið sjálfbærrar þróunar.

Samningurinn nýi getur tekið til ýmiss konar verkefna. Til dæmis stendur til að rannsaka mismunandi valkosti við orkuflutninga en með aukningu á raforkuframleiðslu á Íslandi eykst umfang flutningskerfa og því nauðsynlegt að finna hvaða leiðir henta best til flutningsins.

Einnig þarf að huga að áhrifum orkumannvirkja á umhverfið sem hafa í för með

sér bein og óbein áhrif. Til beinna áhrifa má telja jarðrask, mengun og áhrif segulsviða sem geta haft áhrif á afkomu lífríkis í nágrenni við mannvirkin. Óbein áhrif eru til dæmis sjónmengun af völdum mannvirkjanna. Þau áhrif hafa lítið verið rannsökuð hér á landi en aukin vakning hefur orðið fyrir slíkum óbeinum áhrifum.

Þá þarf að rannsaka efnahagsleg áhrif hinna mismunandi valkosta, kostnað og áhrif á gjaldskrá fyrirtækisins.

Fyrsta samstarfsverkefni Landsnets og Stofnunar Sæmundar fróða mun taka á þessum þáttum með samvinnu verkfræðinga, hagfræðinga og líffræðinga Háskóla Íslands undir stjórn Stofnunar Sæmundar fróða og í samvinnu við sérfræðinga Landsnets.

AFMÆLI



Kristinn Haraldsson, Kiddi rót, er 53 ára.



Jón Kristjánsson fyrrverandi ráðherra er 65 ára.



Tryggvi Gíslason fyrrverandi skólameistari Menntaskólans á Akureyri er 69 ára.

Fallegir legsteinar á góðu verði


Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfjörð
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SAFT-vefurinn

upplýsir foreldra og er með heilræði um örugga net- og tækninotkun barna og unglínga. SAFT stendur fyrir samfélag, fjölskylda og tækni. Á vefnum er að finna ýmsar upplýsingar um tölvuleiki, netið, farsímanotkun barna og unglínga ásamt könnunum, greinum og leikjum. Nánari upplýsingar: www.saft.is



Stillum hitann

er vefur sem er hluti af átaki sem Orkuveita Reykjavíkur stendur fyrir ásamt Sjóvá-Forvarnarhúsi og Landspítala – Háskóla-sjúkrahúsi. Gagarín hannaði vefinn, sem er ætlað að vekja almenning til umhugsunar um hættur sem stafa af heita vatninu. Nánari upplýsingar: www.gagarin.is www.stillumhitann.is

GPS staðsetningartæki

er komið í GPS-CS1KA myndavélar frá Sony. Tækið sýnir hvar myndirnar eru teknar og er hægt að nota með öllum stafrænum myndavélum. Staðsetningartækið skráir tíma og staðsetningu myndavélarinnar á fimmtán sekúndna fresti. Upplýsingarnar eru síðan notaðar til að staðsetja myndirnar á landakorti.



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTSÖLUMARKAÐUR

Lyngási 11 Garðabæ

50 % afsl. af öllum vörum,
frábært tilboð af sokkabuxum og nærfötum.
Opnunartími: mánudagurinn 11.júní til föstudagsins
15 júní frá kl.11-18

DU PAREIL...ou même

Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750



Þjónustuverið getur að sögn Helgu Láru leyst úr flestum vandamálum. Hún hefur þó ekki í hyggju að lofa frekari kökubakstri fyrir viðskiptavinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pirringur á fullu tungli

Helga Lára Pálsdóttir, þjónustufulltrúi Vodafone, tekur á móti hundrað samtölum á annasömum degi.

„Við fáum þúsund til fimmtán hundruð símtöl í þjónustuverið daglega. Eftirminnilegast er maðurinn sem komst ekki á þráðlausa netið uppi í sumarhúsi og maðurinn sem vildi fá okkur til að kveikja á síma konu sinnar sem var stödd uppi á hálendinu,“ segir Helga Lára Pálsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Vodafone. Hún segir þó flestar spurningar snúast um frelsisnotkun, reikninga og stillingar fyrir GSM og GPRS.

Þjónustufulltrúarnir kynnast allri flóru mannleifsins að sögn Helgu Láru. Langflestir eru viðkunnanlegir en nokkuð samtaka á erfiðum degi.

„Íslendingar fara í skap saman. Við finnum fyrir því að suma daga eru allir í góðu skapi og enn aðra eru allir móðgaðir. Þetta tengist helst útborgunardegi og veðrinu. Síðan virðast fólk líka vera pirraðra í

kringum fullt tungl,“ segir Helga Lára og segir fólkið sem brosir í gegnum símann vera helsta kostinn við starfið.

„Það er ofsalega gaman þegar maður fær tækifæri til að gefa af sér. Þá grípur maður gæsina og brosir með fólki,“ segir Helga Lára, sem meira að segja hefur bakað fyrir viðskiptavinum.

„Við vorum með smáhnökra á reikningi hjá einum viðskiptavini. Hann efaðist um að þetta yrði í lagi en þá lofaði ég honum súkkulaðiköku ef þetta myndi ekki lagast. Næsta mánuð var þetta enn í ólagi og þá vissi ég að hann myndi stríða mér það sem eftir væri. Svo ég bakaði bara kökuna og færði honum, eins og ég hafði lofað,“ segir Helga Lára hlæjandi.

Viðskiptavinurinn var að vonum ánægður og sendi Helgu Láru þakkarbréf. „Hann var alltaf svo ofsalega kurteis og skemmtilegur að ég hafði bara gaman af þessu. Ég held samt að ég eigi eftir að hugsa mig um áður en ég lofa fleiri kökum upp í ermína á mér,“ segir Helga Lára brosandí.

rh@frettabladid.is

Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ
AÐEINS
3,4%

Miðað við myntkörfu 4,
Libor-vextir 23.4.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 23.04.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.

*** Vextir á erlendra myntkörfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,4% til 4,5% m.v. myntkörfu 4.

**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkorfúláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

	MYNTKÖRFULÁN ***	BLANDAÐ LÁN **	ÍBÚÐARLÁN
LÁNSUPPHÆÐ	20.000.000	20.000.000	20.000.000
VEXTIR	4,0% *	4,4% *	5,0%
GREIÐSLUBYRÐI****	66.500	100.800	96.600

FRJÁLSI



The Sims 2 H&M Fashion stuff er aukapakki sem leyfir notendum að opna Hennes og Mauritz verslun og hanna fót á Simsana sína.

FRÁBÆR SUMARTILBOÐ!
www.tb.is

	Verð aðeins 1.900 kr.
	Verð aðeins 3.900 kr.
	Verð aðeins 900 kr.

Tæknibær
Skiptiholti 50c · Sími 551 6700 · www.tb.is

Handrið og stigasmíði

Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fánlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmíði.

Nýtt - glerpunktafestingar 50mm
Railing - Engin rafsuða - einfalt og snyrtilegt!
Inni og úti handriða- og stigasmíði, 304 og 316 ryðfrítt stál

ATLANTSKAUP
Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík S:533-3700.

pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGM fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. í Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafirðir | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is



Hægt er að hanna H&M fót og búðir í nýjstu viðbót The Sims 2.

H&M í The Sims 2

Nú hefur Electronic Arts gefið út The Sims 2 H&M Fashion Stuff. Hægt er að hanna sín eigin fót og búa til búðir.

Það er alltaf jákvætt þegar tölvuleikir ganga út á eitthvað annað en að drepa eða skora mörk. Einn þessara leikja er The Sims. Electronic Arts hitti í mark með sérinni og nú á að blóðmjólka hugmyndina, en fyrirtækið hefur gefið út aukapakka fyrir The Sims 2 undir merkjum verslanakeðjunnar

H&M. Ættu íslenskar stúlkur þá að gleðjast.

The Sims 2 H&M Fashion Stuff leyfir notendum að búa til sín eigin fót fyrir Simsana sína, líkja eftir H&M búðum eða búa til nýjar. „Með því að sameina framsækið tiskufyrirtæki og leikjasamfélag sem þekkt er um allan heim fyrir notandaframleitt innihald gefst fólki tækifæri tjá bæði persónuleika sinn og sköpunargleði,“ segir Steve Seabolt hjá Electronic Arts

Notendum gefst tækifæri á að taka þátt í hönnunarkeppni þar sem vinsælustu fötin verða svo sýnd í sérstakri tiskusýningu á netinu. „Við erum mjög spenntir yfir því að H&M skuli vera fyrsta stóra merkið til þess að taka þátt í Sims ævintýrinu á þennan hátt,“ segir Jörgen Andersson, markaðsstjóri H&M. „Fyrir okkur er þessi viðbót skemmtilegt tækifæri til þess að kynnast viðskiptavinum okkar og sýna brot af sumarlinunni okkar. Sims-spilarar eru þekktir fyrir sköpunargleði, tjáningu og snjallræði og hlökkum við til að sjá þá hönnunarstíla sem munu detta inn á sýningargólfid.“



Haldin verður sérstök hönnunarkeppni kringum The Sims 2 H&M Fashion Stuff og taka sigurveggar þátt í sérstakri tiskusýningu á netinu.

Talandi pappír

SVIAR HAFA ÞRÓAÐ PAPPÍR SEM TALAR ER HANN ER SNERTUR.

Vísindamenn við Mið-Svíþjóðarháskólann hafa þróað pappír sem spilar upptöku úr örtölvu er hann er snertur. Háttalarnir eru úr pappír og allir leiðarar úr bleki. Pappírinn er enn sem komið er einungis hægt að nota á stórum skala en vonir standa til að hægt verði að nota hann í auglýsingaskilti, umbúðir, og jafnvel utan á sigarettupakka er fram líða stundir. Pakkinn myndi þá halda fyrirlestur um skaðsemi reykinga í hvert skipti sem hann væri tekinn upp, reykingamönnum til tómrar gleði.



Hægt væri að búa til syngjandi póstkort en fyrst þarf að gera tæknina fingerðari og ódýrari.

Þýskar álkerrur

fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leiðið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

GLÓFAXI HF.
ARMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir



Snúruvandráði gætu heyrst sögunni til ef tekst að þróa þráðlausu orkuflutninginn frekar.

Þráðlaust rafmagn

VÍSINDAMÖNNUM HEFUR TEKIST AÐ FLYTJA ORKU ÞRÁÐLAUST TVO METRA. HUGMYNDIN HEFUR LEGIÐ Á TEIKNIBORÐINU Í ÁRATUGI EN ÞETTA ER Í FYRSTA SINN SEM SLÍKUR FLUTNINGUR TEKST.

Þráðlaus orka hljómar eins og eitthvað úr vísindaskáldsögu. Nú hefur vísindamönnum bandarískum fyrirtækisins WiTricity hins vegar tekist að flytja orku frá orkugjafa gegnum hindranir í 60 vatta ljósaperu í tveggja metra fjarlægð.

Orkuflutningurinn byggist á svokallaðri hljómun eða samömun (resonance). Dæmi um samömun er þegar ákveðinn tónn er sunginn svo hvin í strengjum hljóðfæra eða glerhlutir óma. Þar eru það hljóðbylgjur sem orsaka samömunina og er sömu grundvallarreglum beitt við flutning raforkunnar. Munurinn liggur í að notast er við rafsegulbylgjur á lágru tíðni í stað hljóðbylgja.

Orkugjafinn er koparvafningur sem gefur frá sér 10 MHz rafsegulstraum. Svipaður samóma vafningur, sem tengdur er við raftæki, tekur við orkunni og knýr raftækið.

Vísindamenn segja tæknina ekki skaðlega mannfólkinu þar sem hún byggist á segulsviði en ekki rafsviði. Rafsvið hafa ýmiss konar áhrif á mannlíkaman en vísindamennirnir fullyrða að engar rannsóknir liggja fyrir sem sýni fram á skaðleg áhrif hóflegs segulsviðs.

Eðlilega keppst rannsóknarmenn WiTricity nú við að gera tæknina langdrægari, ódýrari og skilvirka, en enn sem komið er komast einungis fjórutíu prósent orkunnar til skila.

visir

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.visir.is



U M B R O T

Grensásvegi 12A
sími: 568 1000
frum@frum.is - www.frum.is

fasteignir

11. JÚNÍ 2007



Grundarstígur 10 er glæsilegt hús.



Holið á efri hæðinni er bæði bjart og rúmgott.



Eitt fimm svefnherbergja hússins.

Reisulegt hús Hannesar Hafstein

Við Grundarstíg stendur sögufrægt hús sem nýlega fór í sölu hjá Remax á Stórhöfða.

Húsið var reist af Hannesi Hafstein, þjóðskáldi og fyrsta ráðherra Íslands, árið 1915. Það stendur við Grundarstíg 10 og þar bjó Hannes ásamt fjölskyldu sinni til dauðadags árið 1922.

Húsið er steinsteypt og skiptist í kjall-

ara, tvær hæðir og ris. Hæðirnar telja hvor um sig um 110 fermetra en ef óskráðir fermetrar kjallara og riss eru teknir með í reikninginn má áætla að húsið sé vel á fjórða hundrað fermetrar.

Á fyrstu hæðinni er mikil lofthæð og upprunalegir gipslistar og rósettur eru í lofti. Hæðin skiptist í hol, þrjár stofur, forstofuherbergi, eldhús, stigahús og gestasalerni. Gengt er á milli stofanna þriggja og forstofuherbergis.

Önnur hæðin skiptist í rúmgott hol, lítið eldhús, fjögur stór svefnherbergi og eitt stórt hjónaherbergi með suðursvölum. Þar er einnig aðalbadherbergi hússins með bæði badkari og sturtu. Badherbergið er allt flíslagt en gólfefni í herbergjum eru teppi og parkett.

Í kjallara eru þrjár stórar geymslur og ein lítil, gangur, þvottahús og anddyri undir úti-tröppum. Rísið er að mestu leyti óinnréttað en þar er lítið herbergi og geymsla. Tveir

tvöfaldir reykháfar eru í húsinu. Þeir eru báðir með virkri loftræstingu og hægt er að tengja eldstæði við þá. Garðurinn við húsið er gróinn og pallur er sunnan við bílskúrinn. Bílskúrinn er hlaðinn úr holsteini.

Húsið þarfnast viðhalds og má sem dæmi nefna að allir gluggar eru upprunalegir og lélegir en hægt er að sækja um styrk til Húsfriðunarnefndar vegna endurnýjunar á þeim. Vatns- og raflagnir hafa verið endurnýjaðar að hluta.

thorunn@frettabladid.is

GOTT FOLK MCGANN



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI

6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Hjólreiðamenn í Sichuan-héraði í Kína kippa sér ekki upp við risastórar auglýsingar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Í Nýju-Delí á Indlandi gengur lífið sinn vanagang þrátt fyrir flennistór auglýsingaskilti kvikmyndaiðnaðarins í Bollywood.

Auglýsingar úti um allt

Áberandi auglýsingaskilti er að finna víða um heim. Í nútíma neylusamfélagi skiptir miklu máli fyrir þá sem framleiða og selja vöru að auglýsa hana sem mest og best. Hinn almenni neytandi kemst því ekki hjá því að verða var við auglýsingarnar sem eru allt í kringum okkur, í sjónvarpi, dagblöðum, tímaritum, útvarpi og jafnvel á heilu húsveggjunum. Áreitið er hins vegar orðið svo mikið að einhvern veginn hefur það snúist upp í andhverfu sína og flest erum við farin að leiða auglýsingarnar að mestu hjá okkur. Því er það svo að þrátt fyrir að heilu háhýsin í sumum borgum heims séu þakin auglýsingaskiltum gengur lífið þar bara sinn vanagang og fæstir taka eftir þeim lengur. - eö



Daglegt líf íbúa í Jóhannesborg í Suður-Afríku fer ekki úr skorðum þótt sett séu niður auglýsingaskilti í næsta nágrenni við þá.



Auglýsingaskilti eru orðin svo mörg í Tokyo að nánast enginn tekur eftir þeim lengur.



Í New York hafa auglýsingarnar ekki mikil áhrif á umferðina.



Í London má sjá heilu byggingarnar þakta auglýsingum.

FASTEIGNASALAN EIGNAKJÖR 455 1400 

Skipagötu 16 | Sími 455 1400 | www.eignakjor.is

Til sölu - til sölu!

Byggingarlóð í miðbæ Akureyrar



Til sölu er byggingarlóð á besta stað í miðbæ Akureyrar þ.e. við göngugötuna (Hafnarstræti). Gert er ráð fyrir byggingu fjögurra hæða húseignar á lóðinni. Stærð lóðar Samkv. FMR er 495 fm.

Upplýsingar veittar á skrifstofu Eignakjörs ehf. á Akureyri, í síma 455-1400.

Arnar Sigfússon, Lögg fasteignasali, hdl.



Hert gler ...í milliveggi



Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is

Gefðu vatn



Hjálparstarf kirkjunnar www.heljus.is

FRUM UMBROT

Grensásvegi 12A
sími: 568 1000
frum@frum.is - www.frum.is

LAUGAVEGUR 86-94 – GLÆSILEG NÝBYGGING OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-19



Mjög vandaðar, 2ja og 3ja herbergja íbúðir á 2. og 3. hæð í glæsilegu lyftuhúsi í hjarta miðborgarinnar.

Íbúðirnar eru fullbúnar, með vönduðum eikarinnréttingum og fataskápum. Eikarparket á gólfum. Baðherbergisgólf og veggir eru lögð marmarasteini og með vönduðum tækjum frá Phillipe Starck og Duravit. Innfelldir speglaskápar eru í baðherbergjum. Í eldhúsum íbúðanna eru gæða tæki frá AEG úr burstuðu stáli, þ.e. ísskápur með frysti, uppþvottavél og bökunarofn með keramikhelluborði. Hiti er í gólfum og gólfsíðir gluggar eru í stofum. Svalir eru á öllum íbúðum og möguleiki að kaupa sérbílastæði með hverri íbúð. Aukin hljóðeinangrun er í gólfum og veggjum. Dyrasími með myndavélakerfi í hverri íbúð. Sameign hússins er afar glæsileg, lögð svörtu graníti.

ÍBÚÐIRNAR AFHENDAST VIÐ KAUPSAMNING – BILASTÆÐI KR. 1.500.000

2. HÆÐ

Íbúðirnar eru frá 70,4 fm upp í 94,5 fm. Verð er frá 26.308.000 kr.

3. HÆÐ

Íbúðirnar eru frá 70,4 fm upp í 124,6 fm. Verð er frá 28.420.000 kr.

4. HÆÐ

ÖLL SELD

ÍBÚÐIRNAR VERÐA TIL SÝNIS Í DAG, MÁNUDAG, FRÁ KL. 17-19 SÖLUMENN VERÐA Á STAÐNUM. – VERIÐ VELKOMIN!



Síðumúla 13 - 108 Reykjavík - Sími 530 6500



SUBURGATA 7, 101 REYKJAVÍK, • www.hibyli.is • hibyli@hibyli.is
SÍMI 585 8800 • FAX 585 8808



ÓDINSGÖTU 4 - SÍMI 570 4500 - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



Búmenn auglýsa íbúðir

Þjóðbraut 1 á Akranesi

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is

www.bumenn.is



Til sölu er búseturéttur í 38 íbúðum í átta hæða fjölbýlishúsi við Þjóðbraut 1 á Akranesi. Um er að ræða hús með bílajakallara undir húsinu og þjónustufyrirtækjum á jarðhæð og að hluta fyrstu hæðar. Tvær íbúðir eru á annarri hæð en sex íbúðir á þriðju til áttundu hæð. Í húsinu eru þrjár tegundir íbúða sem eru um 95 fm, 102 fm og 105 fm. Tvær lyftur og stigagangur ganga upp úr bílageymslunni. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar með frágenginni lóð. Húsið verður einangrað og klætt að utan. Húsið er vel staðsett nálægt verslun og þjónustu. Stefnt er að því að íbúðirnar verði afhentar um miðjan september 2008

Umsóknafrestur er til 25. júní n.k. - Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 eða í síma 552 5644 milli kl. 9-15.



FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
MÍÐSTÖÐ ATVINNUHÚSNÆÐIS

Björgvin Ó. Óskarsson
Löggiltur leigumiðlari
og eignaskiptalýsandi
Óskar Mikaelsson,
ráðgjafi, atvinnuhúsnæði
og fyrirtæki
Valgeir Kristinsson,
Hrl., Lögg. faseignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is

Köllunarklettsvegur 841 fm.



Til sölu eða leigu við Sundahöfn, lager- eða framleiðsluhúsnæði á 2. hæð með innkeyrslu á jarðhæð auk hlaupakötts í lofti sem gengur inneftir rýminu. Húsnæðið er eitthvað stúkað niður með léttum innveggjum en þarfnast standsetningar. **Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.**

Tunguháls, Rvk, 1070 fm stækkanlegt í 2770 fm.



Í einkasölu fremri hluti hússins samtals 1070 fm iðnaðarhúsnæði ásamt 211 fm steypis milligólfs. Með fylgir byggingarréttur eignarhlutans fyrir samtals 1700 fm á tveimur hæðum. Samtals yrði þá um að ræða 2770 fm heildarstærð þar sem grunnflötur hússins yrði um 1560 fm og um 900 fm á 2. hæð. Góðar stórar innkeyrsluhurðir og góð aðstaða. Vel innréttaðar skrifstofur, kaffistofa og eldhús um 210 fm. **Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.**

Súðarvogur, 241 fm iðnaðarhúsnæði



Til sölu á eftirsóttum stað 241 fm iðnaðarhúsnæði með 1x innkeyrsluhurð og gönguhurð. Húsnæðið skiptist í góðan vinnusal með lofthæð ca. 3,5 mtr, skrifstofur og kaffistofa. **Getur verið laust fljótlega. Hringið og fáið tíma til að skoða.**

Súðarvogur 240 fm á 2 hæðum.



Til sölu sérlega vel staðsett og standsett atvinnuhúsnæði á 2 hæðum. Neðri hæðin er 120 fm, með innkeyrsluhurð, rýmið er einn salur/lager. Efri hæðin er 120 fm þar sem nú eru skrifstofur, opið og bjart rými, mjög fallegt útsýni. Húsnæðið er með góða aðkomu Dugguvogsmegin. **Eignin er sérlega vel viðhaldið.**

Skeifan 279 fm.



Til leigu frábærlega vel staðsett 279 fm atvinnuhúsnæði á 2 hæðum í Skeifunni sem áður hýsti Krónuna, hentar undir hverskyns verslunar-, þjónustu eða léttíðnaðarstarfsemi. **Mjög sýnilegt, góð aðkoma og næg bílastæði fyrir viðskiptavinina.**

Lónsbraut, Hfj, 200 fm.



Til leigu mjög gott innkeyrslubíll í nýlegu húsi við höfnina í Hafnarfirði. Rýmið er 200 fm endabil með um 5,5 mtr. lofthæð og 2x innkeyrsluhurðum sem eru 4,5x4,5 mtr á stærð hvor um sig. Góð lýsing, 3ja fasa rafmagn, kaffistofa, wc, skrifstofa á milligólfi. **Laust nú þegar.**

Miklabraut - Frábært tækifæri.



Til sölu sérlega vel staðsettar verslunar- og þjónustueiningar á einu fjölfarnasta og mest áberandi horni höfuðborgarinnar. **Hægt er að kaupa eignirnar stakar eða sem ein heild.** Kærkomin fjárfesting. Eignirnar eru á verslunarhæð auk rýmis í kjallara hússins og skiptast þannig: 28,5 fm og 52,3 fm rými á verslunarhæð auk 73,5 fm rými í kjallara eða samtals 125,8 fm, jafnframt er 49 fm viðbygging auk 42,3 fm rými í kjallara, einnig er sjálfstæð bygging 36 fm. **Samanlagt eru eignirnar á verslunarhæð 165,7 fm og í kjallara 115,8 fm.**

Bæjarlind, Kóp, Skrifstofuhúsn.



Til leigu mjög vel staðsett skrifstofuhúsnæði að Bæjarlind. Góð aðkoma og næg bílastæði. Slitsterkur dúkur á gólfum, tölvulagnir til staðar. **Laust nú þegar.**

Við Höfnina 79 fm + 248 fm.



Til sölu á glæsilegum stað við Hafnargötu á Stokkseyri tvær eignir. Um er að ræða vinnustofu 79,3 fm að grunnfleti auk óskráð milligólfs undir kaffiastöðu með glæsilegu útsýni yfir höfnina. Búið er að yfirfara t.d. rafmagnslagnir og gler. Svo er um að ræða viðbyggingu sem er 248,5 fm að grunnfleti sem hýsir listagallerý sem er mikið sótt af ferðamönnum. Mjög góð lofthæð, stórir gluggar sem gera eignina bjarta og skemmtilega.

Trönubakki 9
311 Borgarnes
Fyrirsögn..

Stærð: 60 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1985
Brunabótamat: 8.000.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX
Bær

Ágúða
Lögg. fasteignasali
512-3400
agusta@remax.is

Vilhjálmur J.
Sölufulltrúi
848-1200
villi@remax.is

Opíó Hús

Þriðjudag kl 19:00 til 20:00

Verð: 14.900.000

RE/MAX Bær kynnir : Glæsilegt sumarhús ásamt smáhýsi á vel gróinni lóð. Langt í næstu bústaði. Sólverönd á tvo vegu með nýjum heitum potti. 4.533 fm leigulóð úr landi Trönu í Borgarfjarðarsveit. Fullbúið sumarheimili með húsgögnum tilbúið nú þegar í orlofsdvölinu. Frábær eign fyrir útivistarfólk og aðra náttúruunnendur. Húsið er sem hér segir. Þrjú svefnherbergi, baðherbergi með nýjum sturtuklefa, forstofa, sólstofa, stofa með káminu, eldhús, gólfefni eru plastparket. Örstutt í alla þjónustu.

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands

Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtækjasala.is

HEMLAVERKSTÆÐI Þekkt fyrirtæki í eigin húsnæði með mikinn tækjakost, á frábærum stað. Þjónustar jafnt stóra bíla sem litla. Nægur tækjakostur fyrir tvö verkstæði. **Topp tækifæri.**

PÚSTÞJÓNUSTA og BÍLAVERKSTÆÐI Þekkt og gróið fyrirtæki í topp húsnæði 320 fm. Mikil velta. **Besti tíminn framundan.**

BLÓM OG GJAFAVARA Til sölu rekstur blóma og gjafavöruslunar í litlum verslunar- og þjónustukjarna **Verð aðeins kr 2,9 millj. með vörulager. Gott tækifæri.**

NUDD OG GRENNINGARSTOFA Til sölu heilsustúdíó með góðan tækjakost. Þekkt stofa í rúmgóðu húsnæði. Staðsetning mjög góð. Góður tími framundan. **Frábært tækifæri.**

BARNAFATAVERSLUN MEÐ TOPP MERKI Til sölu skemmtileg barnafataverslun með flott vörumerki fyrir 0-16 ára í nýlegu leiguhúsnæði miðsvæðis í Borginni. Falleg vara - góð sala.

VINSÆLL SKYNDIBITASTAÐUR MEÐ MIKLA VELTU Til sölu þekktur skyndibitastaður í austurborginni með fína afkomu. Bullandi traffic. Hér er frábært tækifæri. **Leitið upplýsinga.**

ÍSBUÐ OG SÖLUTURN Til sölu glæsileg ísbúð og söluturn í góðu hverfi. Besti íssölutíminn framundan. Vilyrði fyrir löngum leigusamningi. **Góð aðstaða til koma upp veisluþjónustu, eða vísir að hverfisverslun. Einstakt tækifæri. Verð aðeins 5,9 millj.**

GLÆSILEG SNYRTISTOFA MEÐ VERSLUN Til sölu þekkt og einkar glæsileg stofa á frábærum stað með góða aðkomu. Góður tækjakostur. **Tilvalið fyrir 2 snyrtifræðinga og naglafræðing. Skemmtilegt tækifæri.**

HÁRGREIÐSLUSTOFUR Til sölu í góðar hárgreiðslustofur, vel staðsettar, með 4-6 vinnustöðvar og 2 vaskstóla, góður annar búnaður. **Frábær verð, - leitið upplýsinga.**

INN Römmunar - Studio Til sölu innrömmunarstofa á frábærum stað í góðu húsnæði í austurbæ. **Tilvalið fyrir tvo samhenta einstaklinga. Góður tækjakostur og gott verð.**

Endilega leitið nánari upplýsinga.

Til leigu í Ármúla

Glæsilegt nýuppgergt atvinnuhúsnæði á frábærum stað í Ármúla. Heildarstærð rýmis er 149 m2 og skiptist í opinn sal á kaffistofu með innréttingu + salerni, allt innréttað afar smekklega. Vöruhúð er úr kaffistofu, nýjir kastarar eru í loftum sem og nýtt steinteppi á gólfum. Hentugt fyrir verslunarrekstur, þjónustu eða t.d. teiknistofu eða listafólk. Nánari upplýsingar gefur Reynir í síma 821-4645



GULL BYLGJAN
909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.



Sumarbústaðir



Heilsárshús:

Stórglæsilegt ca: 112.m2 Heilsárshús á tveimur hæðum að hluta. Húsið er allt hið glæsilegasta, allt panelklætt og í alla staði mjög vandað. Sjón er sögu ríkari. Selst nú þegar, tilbúið til flutnings án innréttinga og gólfefna. Verð: Kr. 13.9.-ru. Uppl. í s. 699 5801 & 899 4273.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu. Til leigu 88,5 fm og 490 fm bíl við Stakkahraun Hafnarfirði. Góð aðkoma, hátt til lofts, gott útsvæði. Innkeyrsludyr. Hægt að skipta stærra bílinu í tvær einingar. Upplýsingar í síma 699 6060 Steingrímur.

Geymsluhúsnæði



Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.

- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873



Kentucky Fried Chicken Mosfellsbæ

Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum. KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.

Aktu Taktu

Aktu Taktu Skúlagötu leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu.

Kvöld og helgarvaktir í boði. Allir hvattir til að sækja um. Skemmtilegt starf á skemmtilegum og líflegum vinnustað. Umsóknir á aktutaktu.is.

Loftorka Reykjavík.

Óskar eftir manni á valtara með lyftarpróf. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525.

Jarðkraftur ehf Tækjamenn
Óskum eftir líðlegum vélamanni á beltavél og hjólavél.
Uppl. í s. 892 7673, Karel og 868 4043 Þórarinn.

Jarðkraftur ehf Meiraprófsbílstjórar
Óskum eftir að ráða bílstjóra á gámabil og vörubíl.
Uppl. í s. 892 7673, Karel og 868 4043 Þórarinn.

Rafvirkjar BB Rafverktakar óska eftir mönnum með sveinspróf í snyrtilega og þægilega innivinnu. Nemar eða menn með starfsreynslu koma einnig til greina. Sanngjörn laun í boði, einnig fylgir bíll og sími. Uppl í síma 660 4090 Birgir.

Íspólska ráðningarþjónustan útvegar pólskt starfsfólk. Við erum í Póllandi og veitum aðstoð við önnur viðskipti t.d. byggingarvörur og fasteignakaup. S. 0048669587238 eða ispolska@ispolska.com

We are hiring new cleaning staff for full time work. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday-Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

starfsfólk óskast í fatahreinsun vinnutími virkadaga 800-1630 upl 6997878

Smíður-Nemi

Óska eftir smíð eða nema í vinnu. Upplýs. í síma 895-5511

Eins og heitar lummur. Vilt þú gerast LR ráðgjafi? Gríðalegur vöxtur og möguleikar. S. 662 5599.

Dvalarheimili, Skipholti, aðhlyning, óska eftir að ráða í 80 % dagvinnu, einnig vantar í 60 % næturvinnu. Uppl. í s. 562 1671.

Óska eftir bifvélavirkja eða vönum manni vantar einnig á smurstöð. Uppl. í s. 899 4009 & 587 4700.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf : Smíði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.

SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stættir atvinnulífsins. Erum einungis með faglaert fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000,- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING

Sími 534 8888 - Fax 534 8887 Stangarbylur 7 - 110 Reykjavík

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, bílstjórar, raestingafolk o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Einkamál

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPÍD MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD, 12:00 - 18:00 FÁKAFENT 11 HLÍDASMÁRA 13 SÍMI 588 6969 / 587 6969 WWW.TANTRA.IS

550 5600



Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

Tjáðu þig!

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi


Nýtt!

DISNEY CHANNEL

Ný stöð á Fjölvarpinu

Yfir 50 erlendar sjónvarpsstöðvar á Fjölvarpinu og þú getur valið um 5 mismunandi pakka eftir því hvað hentar þér. Disney Channel og 5 aðrar stöðvar hafa bæst við í stærsta pakkann á Fjölvarpinu.

Uppfærðu myndlykilinn þinn og sjáðu allar stöðvarnar!



Fjölvarp Evrópa
Verð frá 1.898 kr. á mánuði
Arte
DR1
DR2
ProSieben
Sat 1
TV5
ARD
M6
Rai Due
ZDF
NRK1
NRK2
Polsat
SVT1
SVT2
TVE

Fjölvarp sport
Verð frá 2.625 kr. á mánuði
ESPN Classic Sports
Eurosport
Eurosport 2
Extreme Sports
SKY news
Motors TV
Arsenal TV
Liverpool TV
Chelsea TV
Man.Utd TV
NBA TV

Fjölvarp allt		
Verð frá 3.165 kr. á mánuði	ProSieben	Eurosport
Adventure One	NBA TV Ný!	TV5
M6	Rai Due	Eurosport 2
Liverpool TV Ný!	CNN	TVE
MGM	Reality Channel	Extreme Sports
ARD	Discovery	VH-1
Motors TV	Sat 1	Fox News
Arte	Discovery Civilization	ZDF
MTV	SKY news	Hallmark
BBC Food	DR1	Fashion TV
Chelsea TV Ný!	SVT1	Jetix
BBC Prime	DR2	Disney Channel Ný!
NRK1	SVT2	CNBC
BBC World	E!	National Geo.
NRK2	TCM	Arsenal TV Ný!
Cartoon Network	ESPN Classic Sports	Man.Utd TV Ný!
Polsat	Travel Channel	Animal Planet
	Club	

Fjölvarp fræðsla
Verð frá 1.898 kr. á mánuði
Fjölvarp fræðsla
BBC Prime
BBC World
CNBC
CNN
Discovery Civilization
Discovery
Fox News
SKY news
Animal Planet
National Geo.
Travel Channel
Adventure One
BBC Food

Fjölvarp skemmtun
Verð frá 1.898 kr. á mánuði
BBC Prime
Cartoon Network
Club
E!
Jetix
Hallmark
MGM
MTV
Reality Channel
TCM
VH-1
Fashion TV
Disney Channel

Fjölvarp
– heill heimur af skemmtun

NÝTT AFSLÁTTARKERFI

M₁₂ 5%

Ein áskriftarstöð að eigin vali
5% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

SILFUR M₁₂ 20%

Tvær áskriftarstöðvar að eigin vali
20% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn eða Fjölvarp.

GULL M₁₂ 25%

Þrjár áskriftarstöðvar að eigin vali
25% afsláttur af grunnverði.
Stöð 2, Sýn og Fjölvarp.

M12 áskrifendur fá bestu kjörin og njóta mestu viðbótarþjónustunnar.

M12 áskrifendur
Stöðvar 2

Stöð 2 plús
Stöð 2 bíó
Stöð 2 bíó plús
Sirkus
Sirkus plús

M12 áskrifendur
Sýnar

Sýn plús
Sýn Extra 1
Sýn Extra 2




Gluggapóstur
Bylgjunnar

Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með!
Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.


Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið

Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

Vinningar verða afhendir hjá SMálinni. Komdu! Með því að taka þetta eru kominn SMS klóbb 199 kr/skeytið.

SENDU SMS JA V42 Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU: MIÐAR FYRIR TVO, DVD MYNDR OG MARGT FL.

SMS LEIKUR

BÍÓMIÐI

FANTASTIC THE SILVER SURFER

STUÐ MILLI STRÍÐA Forneskjuleg símtæki og nýir tímar

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR ER ORÐIN ELDRI EN HÚN HÉLT



Þegar ég var litil þótti mér fátt skemmtilegra en að heyra ömmur mínar og afa tala um lífið í gamla daga. Þau fæddust öll á öðrum áratug síðustu aldar og eru líklega af þeirri kynslóð sem hefur lifað hvað mestar breytingar – fæddust í torfbæ og fylgdu þróuninni í átt til heimilis-tölya, örbylgjuofna og GSM-síma.

Ég stóð alltaf í þeirri meiningu að breytingarnar hefðu verið svo hraðar á síðustu öld að mín kynslóð ætti ekki eftir að upplifa nokkuð þessu líkt. Nú er ég farin að efast. Það þarf ekki annað en líta nokkur ár aftur í tímann til að sjá að breytingarnar gerast enn á ógnarhraða.

Í haust eru tíu ár síðan ég byrjaði í menntaskóla. Ég var á heima-vist fyrsta veturinn og þar átti ekki nokkur nemandi GSM-síma. Manni þótti hálfgerð brúðl þegar fyrstu krakkarnir fóru að kaupa slíka græju enda ekki nokkur tilgangur með því að eiga síma – það var jú tókallasími á vistinni sem dugði flestum. Tveimur árum síðar voru allir komnir með gema.

Á þriggja ára afmælinu mínu fékk ég Fisher Price-leikfangasíma í afmælisgjöf. Hann var ferlega flottur, með appelsínugulu tóli, litríkri snúningsskifu og var á hjólum svo ég gat dregið hann um gólfíð.

Ég náði í þetta leikfang um daginn þegar ég fékk barn í heimsókn. Barnið horfði stóreygt á símann og

spurði síðan: „Hvað er þetta?“

Ég svaraði því til að auðvitað væri þetta sími. Barnið setti upp skritinn svip, tók ferlíkið upp af gólfinu og snéri því á alla kanta. Þá áttaði ég mig á því að barnið hafði aldrei séð síma með skífu og hvað þá símtæki sem tók svona mikið pláss. Ég útskýrði fyrir krakkanum að þegar ég hefði verið litil hefðu margir símar verið með svona skífu.

Barnið skoðaði símann betur og veitti hjólnum athygli. „Já, og var þá hægt að draga símana svona á eftir sér í gamla daga?“ spurði barnið. Ég hló. Er maður ekki orðinn svolítið gamall þegar leikföngin sem maður átti í barnsku eru orðin svo forneskjuleg að börn í dag skilja ekki hvernig á að nota þau?

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



ÄNGLAMARK

UMHVERFISVÆNT • HÚÐVÆNT

ÄNGLAMARK VÖRURNAR:

UMHVERFISVÆNAR

HÚÐVÆNAR

NOTADRJÚGAR

GRÆNI SVANURINN - VOTTUN

EVROÞUBLÓMIÐ - VOTTUN

ÄNGLAMARK BLUECARE

Anglamark Bluecare eru hágæða umhverfisvænar og húðvænar hreinlætisvörur sem hlotið hafa mikla athygli á Norðurlöndunum. Allar eru þær vottaðar ýmist með Norræna umhverfismerkinu Svaninum eða EvrópuBlóminu.



BLUECARE



Þvottaefni f. lit 1 kg
399 kr/pk



Norræna umhverfismerkið
Svanurinn

Norræna umhverfismerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum.



Eldhúspappír 4 rll
399 kr/pk



Salernispappír 8 rll
499 kr/pk



Þvottaefni f. hvítt 1 kg
399 kr/pk



Hreingerningarlögur 1 ltr
279 kr/stk



Fljótandi þvottaefni fyrir
viðkvæman þvott 1 ltr
199 kr/stk



Uppvottalögur 0,5 ltr
199 kr/stk



Uppþvottavélatöflur 32 stk
379 kr/pk



Salernishreinsir 1 ltr
199 kr/stk



MINIRISK

ÄNGLAMARK MINIRISK

Anglamark Minirisk vörurnar eru bæði umhverfis- og húðvænar barnavörur sem innihalda hvorki lyktar- né litarefni. Vörurnar miða að því að lágmarka áhættu á ofnæmisviðbrögðum barna. Þessar vörur eru vottaðar með Norræna umhverfismerkinu Svaninum.



Blautklútar, 72 stk
279 kr/pk



Barnabaðsápa 400 ml
399 kr/stk



Barnasápa 3 stk
179 kr/pk



Barnakrem 250 ml
199 kr/stk

netto

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20
Lau 23/6 kl. 20
Sun 24/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST

Í samstarfi við Vesturport
Fös 15/6 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ

Þri 12/6 kl. 20
Mið 13/6 kl. 20 UPPS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

10. hver vinnur!

Taktu þátt!
Þú sendir SMS
BT BTF á númerið 1900.
Þú færð spurningu.
Þú svarar með því að senda SMS
skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.

Aðalvinningur!
FSC Amilo
Pi Core2
Vista
fartölva



SUMAR GLEÐI
BT

Taktu þátt! SMS LEIKUR

Geggaðir aukavinningar! Videospilarar, Sony myndavél, Panasonic tökuvél, Apple iPod Nano/blár, HP Photosmart, GSM símar, Biómíðar fyrir 2 á THE INVISIBLE og LAST MIMZY, PSP tölvur, Gjöfabréf á Tónlist.is, PS2 tölvur, Kippur af Gosi og enn meira af DVD, CD's, tölvuleikjum og fleira

*Aðalvinningar dregin út úr öllum innsendum skeytum Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5 mín til að svara spurningu.

Ný útgáfa Sverrissögu

Áhugafólk um íslenskar forn sögur kætist nú því ný útgáfa Sverrissögu er komin út. Fimmtíu ár eru liðin frá síðustu útgáfu ritsins, sem er einstakt í sinni röð.



TÍMAMÓTA ÚTGÁFA SVERRISSÖGU Þórður Ingi Guðjónsson íslenskufraeðingur er annar ritstjóra ritraðar Hins íslenska fornritafélags.

Sverrissaga er þrítugasta bindið í viðamikilli útgáfu Hins íslenska fornritafélags á textum miðalda sem hófst með útgáfu Sigurðar Nordal á Egilssögu 1933. Síðast kom sagan út árið 1950 en að sögn Þórðar Inga Guðjónssonar, íslenskufraeðings og annars ritstjóra ritraðar Fornritafélagsins, hefur alla tíð vantað handhæga útgáfu sögunnar fyrir fræðimenn og almenning. Sagan hefur því verið ókunn mörgum lesendum en nú er gerð bragabót þar á. Í bókinni eru enn fremur ítarlegar skýringar og inngangur auk korta og annars ítarefnis til glöggvunar fyrir lesendur.

Sverrissaga er brautryðjenda- verk í ritun veraldlegra konungssagna en ævisaga Sverris Sigurðarsonar Noregskonungs er elsta saga sinnar tegundar sem varðveitt er í heild. Sverrir þessi var uppi á tólftu öld, ólst upp í Færeyjum en braust síðar til valda í Noregi. Sögusmiðurinn er talinn vera Íslendingur, Karl ábóti Jónsson, en honum eru eignaðar litríkar persónulýsingar hetjunnar sem þykja með þeim blæbrigðaríkustu í forn- um sögum.

Setti mark sitt hátt

Þórður Ingi segir að nútímalesendur finni mögulega talsverðan samhlóm með ævi Sverris en boðskap sögu hans sé að setja markið hátt og hvika hvergi frá því marki. „Sverrir var bara prestlingur frá Færeyjum. Hann ólst þar upp til

tuttugu og fjögurra ára aldurs en þá hafði hann af því spurnir að hann væri launsonur Sigurðar munnis Noregskonungs,“ útskýrir Þórður. Svo fer að Sverrir siglir og gerir tilkall til kongungsdæmisins, kemst í kynni við skæru- liða þessa tíma – Birkibeina í Noregi – og lendir í ýmsu útistandi en í bókinni eru fjölmargar magnaðar bardagalýsingar.

„Uppgangur Sverris var með ólíkindum, hann vinnur þarna hans, sem margar eru býsna mergjaðar.“ Ekki skemmir að orðfæri höfundarins er einkar fallegt og Þórður áreittar að því sé rit þetta einnig mikilvægt þjóðtungunni.

Púsluspil fræðanna

Þórður Ingi segir nú óumdeilan-

legt að sagan sé eignuð Íslendingi. „Það kemur fram í formála sögunnar að upphaf hennar sé ritað af Karli ábóta Jónssyni, en fræðimenn hafa deilt um hversu mikið hann eigi í sögunni.“ Kenning Þorleifs Haukssonar, sem annaðist þessa útgáfu sögunnar og ritar inngang hennar og skýringar, er sú að Karl hafi ritað hana alla. „Varðveisla þessara sagna er hins vegar afar flókin og Sverrissaga er til í mörgum handritum. Við höfum engan frumtexta undir höndum svo það er púsluspil og raun fræðimanna að komast sem næst upphaflegu sögunni en Þorleifur rekur varðveislu sögunnar í formála sínum.“

Valdabrölt og pólitík

Sverrissaga er fyrirtaks heimild um valdabrölt og pólitík þessa tíma og Þórður Ingi bendir á að það hafi haft mikið að segja að ritari hennar, sem augljóslega stóð söguefni sínu nær, hafi verið Íslendingur en ekki heimamaður. „Sagan dregur taum Sverris en gerir það afar fínlega því á yfirborðinu er líkt og frásögnin sé hlutlaus. Það er örugglega margt til í því að Íslendingur hafi verið fenginn til þessa verks því viðkomandi stæði fjarri atburðarásinni í Noregi og væri því trúverðugri fyrir vikið.“

Lesendum þótti snemma mikið til Sverrissögu koma og segir Þórður Ingi að aðrir konungssagnaritarar hafi látið staðar numið í skrifum sínum þar sem valdasaga Sverris hefst.

Ljóst er að Hið íslenska fornritafélag er í mikill sókn en á stundum hefur útgáfa þess verið býsna stopul að sögn Þórðar. Nú er í bigerð ný útgáfa á konungssagnasafnritinu Morkinskinnu sem fyrirhuguð er haustið 2008 auk viðamikillar útgáfu Sturlungu og sögu Hákonar Hákonarsonar svo eitthvað sé nefnt.

krstrun@frettabladid.is



VEGGMYND AF KRÝNDU KONUNGSHÖFÐI SVERRIS FRÁ BYRJUN 13. ALDAR Prestlingurinn ráðsnjalli braust til valda í Noregi á tólftu öld. MYND/NIDAROS DOMKIRKES RESTAURERINGSARBEIDAR



www.101skuggi.is

Nú verður að reyna eitthvað nýtt

Tuttugu og fimm tíma dansleikhúshátíð ÍD og LR gefur ekki tilefni til bjartsýni um framtíð íslenska dansins: yfirlýsing um stofnun og sýning á fyrsta verkefni Dansleikhúss Borgarleikhússins virðist spurning um form. Slíkt samstarf hefur til þessa þrífist ágætlega án nýrra heita, nýrra umbúða. Ef marka má þær hugmyndir sem valdar voru til hrávinnslu þetta árið – þær voru sex – eru mörk dansleikhússins og venjubundinna dansa enn afar óljós. Verkin voru flest hefðbundin dansverk, textavinnsla í lágmarki og grunnurinn allur dansmegin. Verkefnin eru enda skyndimatur. Eftir tveggja ára fjarveru blasti líka við að áhorfendum á þessu staka sýningarkvöldi fer fækkandi. Jafnvel fólk í dans- og leikgeiranum lætur sig vanta og stuðningsliðum hefur fækkað í þessari keppni.

Þýski gagnrýnandinn sem leiddi dómnefnd fagnaði því í inngangi sínum að hér væri fjölbreytni meiri en í tiskunni í Berlín þar sem tugir flokka apa tísku hver eftir öðrum og allt verður eins. Það var rétt: hér var fjölbreytni í útliti og þemum dansverka. Þau báru flest þann galla að vera ekki skýr hug-

mynd heldur þróuð og því mörg án skýrra lykta. Höfundarnir höfðu semsagt ekki í kollinum skýrar lyktir. Margt var blanda, sundurgerð ríkti, er þörfin fyrir verkin þetta eina kvöld meiri en viljinn til að þróa verkin á frumstigi t.d. með dramaturgískri vinnu?

Kynnir kvöldsins var Bergur Þór Ingólfsson leikari og var raunar áttunda dansverkið í kynningum sínum: kvöldið minnti á köflum á afmæli hjá sýnisjúkum krakka sem verður að koma öllum sínum atriðum að. En Bergur bar aðra keppendur ofurlíði af því hann vann sitt verk allt út frá einföldum og skýrum hugmyndum. Sápa Steinunnar Ketilsdóttur og sigurveikið, Blink of an Eye, eftir hóp leikara, dansara, tónskáld og myndlistarmann, voru skýrustu hugmyndirnar. Blink vann á vönduðum frágangi í alla staði og sterkri nánd og kunnáttu þeirra Camerons Corbett og Brynhildar Guðjónsdóttur.

Stóra verk kvöldsins var Þvílík gleði eftir Mörtnu Nordal og Peter Anderson: eina verkið sem náði máli – í raun þótt þar vantaði persónusköpun illilega í hjónabands/sambúðarsögum sem lágu til grund-

vallar. Lítið hefði þurft til. Það sást til dæmis skýrt hjá Víði Guðmundsýni sem var lakastur dansara en skóp skýra persónu og hélt henni. Verður þetta verk á verkefnaskrá LR og ÍD á komandi vetri? Verður það þróað og unnið áfram? Fá aðrir áhugamenn um dans en þessir rúmlega þrjúhundruð sem þarna sátu að sjá það, skattborgarar, helstu styrktaraðilar flokka hússins? Eða er þessi fjárfesting flokkanna bara innanhússgrín?

Í íslenska dansheiminum eru að takast á minni hópar sem standa við jaðar skólanna og Íslenski dansflokkurinn. Engin brúarsmíð virðist vera þarna á milli. ÍD hefur enda mestan metnað að sýna verk sín erlendis. Nýleg endurráðning Katrínar Hall þar á bæ gefur ekki fyrirheit um framför í danslífinu. Þegar upp verður staðið eftir þann fimm ára samning hefur Katrín leitt ÍD í sextán ár og sest þá á bekk með Guðlaugi Rósenkrans og Stefáni Baldurssýni sem þaulsetnasti ráðamaður í íslensku menningarlífi. Þráseta í slíkum störfum er hættuleg listalífni eins og sagan hefur sannað. Ef lítið er til slakrar aðsóknar að íslenskum listdansi og þess að fá-

LEIKLIST

25 tímar dansleikhússamkeppni

Verk eftir Árna Pétur Guðjónsson, Steinunni Ketilsdóttur, Borgar Magnason, Brynhildi Guðjónsdóttur, Cameron Corbett og Dederik Peters, Andreas Constantinou, Irmu Gunnarsdóttur, Ásgerði Gunnarsdóttur, Katrínu Gunnarsdóttur. Dansleikhús Borgarleikhússins. Marta Nordal og Peter Andersen.....

★★

Margleit og misunnin verk, flest bærliga flutt.

